

Föstudagsviðtalið

Ill meðferð líðst ekki

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir segir að embættinu berist rúmlega fimm hundruð ábendingar um illa meðferð á dýrum á ári. Nýleg dýra-verndarlög auðveldi að taka á slíkum málum. Hún vill að hundar fái að vera víðar, boð og bönn um hundahald byggji á úreltum hugmyndum. **SÍÐA 16**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjallkonan fríð

LÍFIÐ Það er alltaf spennandi hluti 17. júní hátíðarinnar hvert ár að sjá hvaða leikkona hefur verið valin til að klæðast gervi fjallkonunnar.

Í tilefni dagsins er ekki úr vegi að líta á nokkrar flottar fjallkonur frá fyrri árum og fara yfir sögu þessarar merkilegu hefðar sem hefur gengið nær óslitin allt frá árinu 1947 þegar Alda Möller leikkona steig fyrst á svið. — sph / sjá síður 12 og 36

Dóminíkar sitja í fangelsi vegna smygls

SAKAMÁL Þrjár konur og einn karl frá Dóminíska lýðveldinu eru í fangelsi á Íslandi vegna fíkniefnasmygls. Þau komu öll til landsins frá Hollandi, hvert á sínum tíma á árinu.

Síðast var rúmlega þrítug dóminísk kona gripin í Keflavík í maí síðastliðnum með umtalsvert magn kókaíns innvortis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þekkjast konurnar ekki.

» Að minnsta kosti fjórir einstaklingar frá Dóminíska lýðveldinu sitja í fangelsi hér á landi vegna smygls á kókaíni. Lögreglan verð fregna af málum þeirra að svo stöddu.

Karlmaðurinn situr í fangelsinu á Litla-Hrauni fyrir innflutning á rúmum 700 grömmum af kókaíni. Hann var handtekinn 11. febrúar á Keflavíkurflugvelli. Lögreglan á Suðurnesjum tjáir sig ekki um málin.

Á síðasta ári féllu tveir dómur í umfangsmiklum fíkniefnamálum. Þar áttu í hlut samanlagt fjórir Hollendingar og tveir Íslendingar.

— ngy / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Landsnet svarar. 18

SPORT Næst á EM 2016. 20

MENNING Ný bók Óðins Melsted er um tónlistarfólk. 28

LÍFIÐ Fjölskylda starfar saman að gerð sjónvarpsþátta. 38

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


BÓKAÐU SÓL Á SPOTTÞRÍS

SÓLARFERÐIR Á FRÁBÆRUM AFSLÆTTI

Frá kr.
44.330

Heimsferðir

Veður



Í dag viðrar ágætlega fyrir skrúðgöngur eða útiveru almennt á þjóðhátiðarfagnaði landans þar sem stefnir í hægna vind og úrkomulítið veður sunnan- og vestanlands, en norðan og austan til eru líkur á einhverjum síðdegisskúrum. **SJÁ SÍÐU 26**



Málafjöldi á borði Útlendingastofnunar slær öll fyrri met. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Metfjöldi umsókna um hæli hér á landi

SAMFÉLAGSMÁL Alls hafa 235 umsóknir borist Útlendingastofnun á þessu ári um vernd hér á landi. Á sama tímabili í fyrra sóttu aðeins 64 einstaklingar um vernd og er því um mikla fjölgun að ræða. Maimánuður í ár er einnig stærsti mánuður ársins en 56 umsóknir bárust í þeim mánuði einum.

Þetta kemur fram í tilkynningu Útlendingastofnunar sem birtist á heimasíðu hennar. Flestar umsóknir í maimánuði komu frá Albaníu, eða 24 talsins. Níu komu frá Make-dóníu.

Sex af hverjum tíu umsækjendum um vernd á Íslandi koma frá löndum Balkanskaga en einstaklingar frá þeim löndum fá sjaldan umsókn um vernd samþykktá hér á landi.

Niðurstæða fékkst í 75 mál í maimánuði. Níu einstaklingar fengu vernd hér á landi en hinum var hafnað eða umsóknir þeirra ekki teknar til efnislegrar meðferðar af Útlendingastofnun af ýmsum ástæðum. Þegar maí var liðinn voru enn 153 mál til meðferðar hjá stofnuninni. – sa

Með hugann við annað



Það vakti kátinu þegar landsliðamaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson (til vinstri) stóð á gati á blaðamannafundi í Frakklandi í gær þegar erlendur blaðamaður spurði hvort hann ætlaði ekki að fagna á morgun. „Við erum með hugann við leikinn á laugardag,“ sagði Jóhann eftir að hafa verið bent á að verið væri að vísa til þjóðhátiðardagsins í dag. Kári Árnason (í miðju) og Heimir Hallgrímsson þjálfari höfðu gaman af. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Matarkarfan ódýrust í Bónus

NEYTENDUR Matarkarfan er ódýrust í Bónus en dýrust í Hagkaupum. Samkvæmt niðurstöðum könnunar verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands kostar matarkarfan í Bónus 19.747 krónur en 22.642 í Hagkaupum. Verðmunurinn á milli verslananna nemur því 2.895 krónum eða fimmtán prósentum.

Matarkarfan í Krónunni var næst ódýrust en verðmunurinn á milli Krónunnar og Bónus var 437 krónur.

Hvað varðar verðmun á einstaka vörum var hann minnstur á mjólkurvörum, eða um 20 prósent. Í flestum tilfellum var 25 til 50 prósentá munur á hæsta og lægsta verði. Mesti verðmunur sem mældist í könnuninni var 112 prósent.

Matarkarfan samanstendur af 48 almennum neysluvörum til heimilisins og er um beinan verðsamanburð að ræða. – þv

Til rannsóknar sakaður um veðmálasvindl

Fyrirverandi leikmaður Þórs Akureyri í knattspyrnu hefur verið til rannsóknar slóvensku lögreglunnar vegna gruns um veðmálasvindl. Flutti úr landi í vetur.

ÍÞRÓTTIR Slóvenskur knattspyrnumaður sem leikið hefur með þremur íslenskum liðum á síðustu níu árum hefur verið til rannsóknar slóvensku lögreglunnar vegna gruns um veðmálasvindl og að hagræða úrslitum leikja. Leikmaðurinn er nú farinn af landi brott og síðast er vitað af honum í Kanada. KSÍ vissi ekkert um rannsókn málsins ytra þrátt fyrir að net heilindafulltrúa knattspyrnusambanda eigi að miðla upplýsingum sín á milli.

Janes Vrenko, slóvenskur ríkisborgari, kom hingað til lands fyrst árið 2007 og lék með KA á Akureyri. Á ferli sínum hér á landi lék hann lengst af með Þór á Akureyri en einnig lék hann undir hið síðasta með Dalvík/Reyni. Vrenko flutti af landi brott í vetur en síðast er vitað um ferðir hans í Kanada. Vrenko hefur ekki enn gefið skýrslu fyrir lögreglu í Slóveníu samkvæmt heimildum frá lögreglunni þar í landi.

Þorvaldur Ingimundarson er heilindafulltrúi KSÍ og sér um samskipti við Evrópska knattspyrnusambandið og FIFA varðandi þessi mál. Hann hafði ekki heyrt af þessu máli þegar fréttamaður náði tali af honum. „Þetta mál hefur ekki komið til okkar og við höfum engar ábendingar fengið um þetta. Heilindafulltrúar halda ákveðið net til að auðvelda samskipti sín á milli en þetta mál hefur ekki komið á mitt borð,“ segir Þorvaldur. „Það hafa komið upp nokkur tilvik á síðustu árum þar sem við höfum verið upplýst um mögulega rannsókn en enn sem komið er hefur ekkert alvarlegt komið upp á hér á landi.“

Veðjað er á leiki íslenskra liða úti um allan heim í dag og er á morgun



Vrenko lék lengstan hluta ferils síns á Íslandi hjá Þór á Akureyri. Hann lék einnig fyrir KA og Dalvík/Reyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þetta mál hefur ekki komið til okkar og við höfum engar ábendingar fengið um þetta.

Þorvaldur Ingimundarson, heilindafulltrúi KSÍ

stöðum einnig hægt að veðja á úrslit knattspyrnuleikja í öðrum flokki. Veðjað er um milljarða króna á hvern leik í Pepsi-deild karla og því er um miklar upphæðir að ræða og freistnivandi knattspyrnumanna því umtalsverður. sveinn@frettabladid.is

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára

LANDMANN gasgrill 4ra brennara



VERÐ ÁÐUR 159.900

AFMÆLISTILBOÐ

139.900

18,7 KW

TEST WINNER!

Nr. 12792

grillbudin.is

50 ÁR A **Grillbúðin**

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

Gleðilega hátíð

Fyrsti þjóðhátíðardagur Íslendinga var haldinn 2. ágúst árið 1874 í tilefni þess að Kristján IX sigldi hingað með nýja stjórnarskrá.

Hvernig atvikaðist það samt svo að fæðingardagur Jóns Sigurðssonar varð stofndagur lýðveldisins árið 1944 og þjóðhátíðardagur Íslendinga?

Kynntu þér sögu 17. júní á landsbankinn.is/17juni.



Blanda yfir 300 laxa og frábært í Norðurá

VEIÐI Landssamband veiðifélaga birti í gær fyrstu tölur sumarsins úr laxveiðinni, og á þeim tíu árum sem LV hefur safnað saman vikulegum tölum úr þeim 25 ám sem fylgt er eftir allt sumarið hafa aðrar eins tölur vart, eða alls ekki, sést.

Blanda hafði gefið 302 laxa á miðvikudagskvöldið, sem er margfalt meiri veiði sé miðað við svipaðan tíma í fyrra en þá var búið að veiða 59 laxa. Veiði hefur einnig farið vel af stað í Norðurá en á hádegi mið-

vikudags var búið að veiða 213 laxa. Veiðin í Norðurá var 65 laxar á svipuðum tíma í fyrra. Veiðin í Þverá og Kjarará byrjar jafnframt mjög vel og er veiðin 162 laxar samanborið við 62 laxa á svipuðum tíma í fyrra, segir í frétt LV.

Veiði hófst í Miðfjarðará í gær og gekk vel en 31 lax veiddist. Fnjóská opnaði á þriðjudag og komu sex laxar á opnunardag, sem er mjög lofandi um framhaldið. Segir að veiðimenn séu á einu máli um að

laxar koma mjög vel haldnir úr hafi og beri með sér að nóg hafi verið að bíta og brenna fyrir laxinn.

Á næstu dögum og vikum opna fleiri ár og verður áhugavert að fylgjast með. Það er fullsnemmt að spá fyrir um þróun mála enda fjölmargt sem getur haft áhrif á veiði. En vonandi gefur þessi veiði í upphafi veiðitímabils góð fyrirheit um það sem koma skal en bæði heimtur úr hafi og ástand laxa gefa tilefni til bjartsýni. – shá



Veiðin í Norðurá er rúmlega þreföld miðað við sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enginn jarðstrengur fer um okkar land

Landeigendur Halldórsstaða í Laxárdal riftu samningi við SSB-orku um jarðstreng vegna Svartárvirkjunar þegar þeim varð umfang framkvæmdarinnar ljóst. Leggja átti 46 kílómetra langan jarðstreng frá Svartá yfir Fljóts- og Laxárdalsheiði niður í Laxárdal.

UMHVERFISMÁL Eigendur jarðarinnar Halldórsstaða II í Laxárdal hafa rift samkomulagi við SSB-orku um lagningu jarðstrengs um land þeirra. Ástæðan er sú að rask vegna framkvæmdarinnar er mun meira en landeigendur töldu að yrði, samkvæmt þeim upplýsingum sem þeir fengu upphaflega.

Jarðstrengslögnin er vegna áformaðrar Svartárvirkjunar í Svartá í Bárðardal. Til stóð að leggja um 46 kílómetra langan jarðstreng frá stöðvarhúsi við Svartá, yfir Fljóts- og Laxárdalsheiði niður í Laxárdal. Gert var ráð fyrir að strengurinn myndi koma niður í Laxárdal á mótis við Halldórsstaði, liggja þaðan niður dalinn og tengjast virki Landsnets við Laxárvirkjun. Með ákvörðun landeigenda Halldórsstaða er hins vegar ljóst að þessi áform eru úr sögunni.

Halldór Valdimarsson, annar eigenda jarðarinnar, segir að ákvörðun þeirra bræðra tengist ekki Svartárvirkjun beint – þeir hafi sett fyrirvara í samninginn að lágmarks jarðrask yrði við framkvæmdina. Hins vegar sé ljóst af gögnum sem birt hafa verið síðan samningurinn var gerður, að umfang verksins, og tækjabúnaðurinn sem þarf til, sé mun meiri en þær upplýsingar sem lágu fyrir í upphafi gáfu til kynna.

„Þess vegna settum við fyrirvarann – svo við gætum kynnt okkur betur forsendurnar sem þeir gæfu sér. Það er svo annað mál að ég vil ekki sjá þessa virkjun. Ég er mótfallinn því að hrófla við þessari miklu hálendisferlu sem við eigum Íslendingar – sem okkur ber skylda til að varðveita. Enginn jarðstrengur fer um okkar land,“ segir hann.

Halldór segir að jarðstrengurinn hefði legið í gegnum land þeirra bræðra á nokkur hundruð metra kafla, og ljóst að ný lagnaleið þarf að koma til í framhaldinu.

Hann veit ekki hug annarra land-



Svartá streymir milli hólma í landi Svartáarkots. Frá því greint var frá áformum um virkjun hafa risið upp mótmæli náttúruverndarsinna og veiðimanna. MYND/JAP, SK, BS

Átti að leggja í landi 16 jarða

- SSB Orka áformar að reisa virkjun í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Uppsett rafafli virkjunar verður 9,8 MW.
- Leggja á jarðstreng um 46 kílómetra leið frá stöðvarhúsi, yfir Mývatns- og Laxárdalsheiði að tengivirki Landsnets í Laxárdal.
- Mannvirki virkjunarinnar verða í landi fjögurra jarða við neðri hluta Svartár í Þingeyjarsveit en jarðstrengurinn mun liggja í landi um 16 jarða sem bæði eru í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi.
- Helstu mannvirki virkjunar eru stöðvarhús, aðrennslisþipa, jöfnunarþró og stífla, auk frárennslisskurðar, inntakslóns og aðkomuvega.

Heimild: Verndarfélag Svartár og Suðurár

eigenda í Laxárdal, en gerir ráð fyrir að ræða við aðra til að skoða málið.

„Ég veit ekki hvort aðrir settu fyrirvara eins og við gerðum. En ég er feginn að við gerðum það. En mér fannst ekkert vit í öðru, enda vorum við ekki nægilega vel upplýstir um hvað þarna stóð til þegar sóst var eftir því að við samþykktum þessa lagnaleið. Nú veit ég hvers konar vitleysa þetta er og er feginn því að geta rift þessum samningi,“ segir Halldór.

Frá því að áform SSB-orku voru

gerð kunn hafa risið upp hávær mótmæli náttúruverndarsinna, og ekki sist veiðimanna sem eru elskir að Svartá. Fyrir skemmstu var stofnað félag um vernd Svartár – Verndarfélag Svartár og Suðurár – sem hefur það markmið eitt „að standa vörð um náttúru og lífríki Svartár og Suðurár í Bárðardal og koma í veg fyrir að þessari náttúruferlu í jaðri hálendisins verði spillt með orkuframkvæmdum“, eins og segir samþykkt félagsins.

svavar@frettabladid.is

Lyf & heilsa

Apótekarinn+

lægra verð

FRÁBÆR ÞYNGDARSTJÖRNUNARTYVENNA

50% afsláttur af Trim-It

Raspberry Ketones + Trim-It

Minnkar sykurlöngun – örvar meltingu og fitubrenslu

Trim-It örvar meltinguna og hjálpar til við hreinsun líkamans.



Raspberry dregur úr sykurlöngun og snarþörf minnkar. Fitubrensla eykst.

KAREN HAUKSÓTTIR: „Raspberry og Trim-It hafa gert kraftaverk fyrir mig. Ég hef misst 19 kíló, borða minna og hollara og sleppi sælgæti algjörlega.“

Vonast eftir góðri þátttöku í útboðinu

EFNAHAGSMÁL Gjalddeyrisútböð Seðlabankans í gær er lykilskref í afnámi fjármagnshafta að mati fjármálaráðherra. Það kemur í ljós síðar í mánuðinum hversu góð þátttaka var í útboðinu.

Útböðin er það síðasta fyrir losun fjármagnshafta. Þetta er lokaútböð þar sem eigendur aflandskrónueigna geta keypt

erlendan gjalddeyri áður en stjórnvöld hefja losun fjármagnshafta á innlenda aðila, svo sem lífeyrissjóði og einstaklinga.

Niðurstöður útboðsins verða gerðar opinberar í síðasta lagi þann 22. júní næstkomandi. Öll samþykkt tilboð verða samþykkt á sama verði. Aflandskrónueigendum gefst þá kostur á að kaupa evrur fyrir íslenskar krónur á genginu 195 til 210 krónur á hverja evru en gengi evrunnar í dag er um 140 krónur.

Bjarni Benediktsson, fjármála og efnahagsráðherra, segir að hér sé um stórt skref að ræða í afnámi fjármagnshafta. „Útböðin sem slíkt er tímamótaskref. Við höfum verið með heildstæða afnámsáætlun í gangi sem snýr að slitabúum. Núna ætlum við að taka á aflandskrónunum og svo snúum við okkur að íslenska raunhagkerfinu. Við erum sannfærð um að þetta

Útböðin sem slíkt er tímamótaskref. Við höfum verið með heildstæða afnámsáætlun í gangi sem snýr að slitabúum. Núna ætlum við að taka á aflandskrónunum og svo snúum við okkur að íslenska raunhagkerfinu.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



er það skref sem þurfti að taka til að skapa skilyrði fyrir afnám hafta fyrir Íslendinga,“ segir Bjarni. „Við væntum þess að umtalsverðar upphæðir komi til þátttöku í útboðinu en það verður að hafa það í huga að í heild eru aflandskrónurnar rétt rúmlega 300 milljarðar króna.“ – srs





Látum reynsluna ráða úrslitum

Forseti verður að hafa burði og þekkingu til að móta sér sjálfstæðar skoðanir í mikilvægum málum.

Þekking á stjórnskipan landsins, reynsla af alþjóðlegu umhverfi og leiðtogahæfileikar eiga að ráða úrslitum þegar við kjósum okkur forseta.

 **Davíð**
- kjósum reynslu á Bessastaði



Tekur ekki við fíkniefnadeildinni á ný

STJÓRNSÝSLA Aldís Hilmarsdóttir, fyrrverandi yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, heyrði fyrst af því í fréttum RÚV að hún myndi ekki snúa aftur í stöðu sína sem yfirmaður deildarinnar.

Aðspurð hvort hún hafi óskað eftir því að fá stöðuna aftur sagði Aldís að sín staða hefði ekki verið neitt til umræðu hingað til. Hún gæti ekki svarað til um mál sem hún vissi ekkert um.

Aldís Hilmarsdóttir tók við forystu í fíkniefnadeildinni í apríl árið 2014. Hún var tímabundið færð til í starfi í janúar á þessu ári þegar tveir starfsmenn deildarinnar voru til rannsóknar, grunaðir um spillingu í starfi. Rannsókn annars málsins



Aldís Hilmarsdóttir, fyrrverandi yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

hefur verið vísað frá en ekkert saknæmt kom í ljós við rannsóknina. Hitt málið er enn í rannsókn.

Í frétt RÚV kemur fram að kynningarfulltrúi lögreglunnar, Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson, svari fyrirspurn fréttastofu á þá leið að ráðið hafi verið í stöðu Aldisar og ekki fleiri breytingar séu í farvatninu. Aldís sé enn fjarverandi frá stöfum og ekki liggi fyrir hvenær hún komi til baka. – snæ

Vetrarumferð tekur stökk

SAMGÖNGUR Umferð á Snæfellsvegi hefur aukist um 26 prósent á árinu miðað við fyrstu mánuði síðasta árs, eða frá janúar og út maí. Sé litið lengra aftur í tímann nemur aukningin um 40 prósentum.

Vegagerðin leiðir að því líkur að aukin vetrarferðamennska erlendra ferðamanna skýri mikla aukningu, að Snæfellsnes sé í heppilegri fjarlægð frá höfuðborginni þar sem langflestir erlendir ferðamenn hefja dvöl sína. Sama á við um hringveginn sunnan Vatnajökuls þar sem mikil aukning mældist í vetur, þar jókst umferð um 83 prósent í mars.

Þegar meðalumferðin 2003–2016 er skoðuð á Snæfellsvegi fyrir fimm



Fólk virðist sækja mjög á Snæfellsnesið í vetrarferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA
fyrstu mánuði hvers árs sést að umferðin vex árlega um fjögur prósent á ári milli 2011 og 2015, en hefur nú vaxið um 26 prósent milli árunna 2015 og 2016 fyrir sama tímabil. – shá

[**LAX**]

Villtur lax kominn í Nóatún

**OPIÐ Í DAG
8 ▶ 20**

NÓATÚN

Austurveri

Á heræfingu



Kastar sprengju úr leyni Pólskur hermaður tekur þátt í yfirstandandi Baltops-heræfingu Nato í Ustka, í norðanverðu Póllandi, í gær. Alls taka yfir sex þúsund hermenn af öllu tagi þátt í æfingunni, sem nær til Eistlands, Finnlands, Þýskalands, Svíþjóðar og Póllands. Æfingunni lýkur á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Handtekinn var með háreisti í útför Sævars

Maðurinn sem handtekinn var vegna nýrra vendinga í Guðmundarmálinu hefur í samtölum við fólk áður sagst hafa borið ábyrgð á hvarfi Guðmundar.

LÖGREGLUMÁL Annar manna sem handtekinn var vegna Guðmundarmálsins á þriðjudag hefur ítrekað sagst í samtölum við fólk hafa borið ábyrgð á hvarfi Guðmundar Einarssonar í janúar árið 1974. Maðurinn er óreglumáður sem kom að málinu á upphafsstígum þess. Lögmaður mannsins sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hefði neitað öllum ásökunum lögreglu í skýrslutöku á þriðjudag.

Í samtali við Vísi í gær sagði Sigursteinn Másson, sem gerði myndina Aðför að lögum árið 1996, að maðurinn hefði þá greint sér frá því að hann bæri ábyrgð á hvarfi Guðmundar. „Á sínum tíma komum við þessu á framfæri til þar til bærra aðila en þetta var bara eitt af svo mörgu sem var að koma fram á þeim tíma en eftir því sem tíminn líður sér maður að það hefði verið full ástæða til að rannsaka þetta miklu betur. Þessum

manni var líka sleppt úr gæsluvarðhaldi um leið og hann gaf þennan framburð á þessum tíma. Það er í sjálfu sér vitnisburður sem lögreglan hefði fyrir löngu síðan átt að kanna,” sagði Sigursteinn í samtali við Vísi.

Fréttablaðið hefur fengið staðfest að maðurinn eigi sér langa sögu um óreglu. Hann var síðast sakfelldur í mars á þessu ári fyrir þjófnað á listaverki í Hallgrímskirkju. Hann dvaldi langdvölum í fangelsi erlendis við slæmar aðstæður á níunda áratugnum og hlaut þá samúð þjóðarinnar.

Við útför Sævars Marínós Ciesielski, sem dæmdur var ábyrgur fyrir dauða Guðmundar, í Dómkirkjunni 2011 var maðurinn með háreisti og truflaði athöfnina. Kunningjar segja hann hafa verið sakbitinn vegna málsins alla tíð, hvort sem það sé vegna meintrar aðildar eða þess að hann benti á Sævar sem aðila málsins í yfirheyrslu hjá lögreglu árið 1975.

» 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson eftir skemmtun í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði. Hann var 18 ára.

Morgunblaðið greindi fyrst frá málinu á miðvikudag og greindi frá því að tveir menn hefðu verið handteknir og yfirheyrðir vegna málsins. Þeim var sleppt að lokinni skýrslutöku. Hinn maðurinn hefur hlottið tvo refsíðoma fyrir manndráp.

Í frétt RÚV í gær kom fram að húsleit hefði ekki verið gerð á heimili mannsins eins og Morgunblaðið greindi frá á fimmtudag heldur hafi húsleitarmeild þurft til að handtaka manninn. Fréttablaðið greindi frá því í gær að ábendingin sem unnið væri eftir væri ekki alveg ný af nálinni heldur hefði hún borist lögreglu á allra síðustu árum.

snaeros@frettabladid.is

Tekur appelsínur í karphúsið

Áhugaverðar staðreyndir um mikið magn C-vítamíns
og ótrúlega hæfileika paprikunnar til að skipta litum



Geymist best
í 15°-18°hita

Er algjörlega fitusnauð
og inniheldur
lítið af kalorium

Á að vera þétt og föst í sér
og með fallegum og sterkum lit
þegar hún er keypt

Er fyrst græn áður
en hún breytir um lit

Inniheldur
B6-vítamín

Er svo rík af C-vítamíni
að hún jafnast á við
fjórar appelsínur

Er oft notuð til að fegra mat
því þótt hún bragðist mjög vel gefur
fallegur litur hennar mjög sérstakt yfirbragð

Paprikur eru til í gulum, rauðum,
grænum, appelsínugulum, fjólubláum
og meira að segja brúnum lit

islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR



Segja Íslamska ríkið fremja þjóðarmorð

SÝRLAND Mannréttindaráð Sam-einuðu þjóðanna lýsti því yfir í gær að hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki fremji þjóðarmorð á jasiðum í Írak og Sýrlandi. Þessu er lýst yfir í skýrslu sem gerð var opinber í gær. Í skýrslunni er varað við því að markmið sam-takanna sé að geyða jasiðum og menningu þeirra.

Hryðjuverkasamtökin eru sögð sjá jasiða sem djöfladyrkendur sem þurfi að drepa í nafni guðs eða hneppa í þrældóm. Mannréttinda-ráðið kallar eftir því að ríki heimsins

3.200

jasídar eru nú sagðir vera í haldi Íslamska ríkisins.

leggi meira á sig til að hjálpa jasið-um en um 3.200 þeirra eru nú í haldi samtakanna.

Áhlaup samtakanna á jasiða hófst í ágúst 2014 þegar vígamenn sam-takanna fóru á milli bæja jasiða

í Sinjarhéraði í Írak og söfnuðu saman fólki. Karlmennt yfir tólf ára aldri voru aðskildir frá kvenfólkinu og skotnir ef þeir neituðu að snúa baki við arfleifð sinni. Konurnar urðu oft vitni að morðunum áður en þær voru fluttar á yfirráðasvæði samtakanna í Sýrlandi þar sem meirihluti þeirra er enn í haldi. Í skýrslunni segir að þær hafi þurft að þola „ótrúlegan hrylling“. Þúsundir kvenna og stúlkna allt niður í níu ára aldur hafa verið seldar á þræla-mörkuðum eða verið gefnar víga-mönnum samtakanna. – þea



Jasídar flýja hryðjuverkamenn í Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Ákæra Kínverja fyrir njósnir í Bandaríkjunum

BANDARÍKIN Bandaríska ríkissaksóknaraembættið hefur ákært Xu Jianqiang, kínverskan ríkisborgara, fyrir efnahagsnjósnir. Er hann sak-aður um að hafa stolið verðmætum forritunarkóða frá fyrrverandi vinnuveitanda sínum.

Embættið hefur ekki látið nafns vinnuveitandans getið en fjölmiðlar vestanhafs segja hann vera tölvu-risann IBM. Þá er kóðinn sem Xu er sakaður um að hafa stolið sagður afrakstur áratugalangrar vinnu.

Xu er sagður hafa unnið hjá fyrir-tækinu frá 2010 til 2014, en nafn hans mátti enn finna í starfsmanna-skrá IBM á heimasíðu fyrirtækisins, síðast þegar að var gáð.

Ríkissaksóknaraembættið segir Xu hafa ætlað sér að stela kóðanum til þess að færa hann yfiröldum í Kína.

Xu hefur verið gert að mæta fyrir dómstóla og svara ákæru embættis-ins í dag. – þea

Rómafólki dæmdar bætur

SVÍPJÓÐ Sænska ríkið hefur verið dæmt til að greiða rómafólki, sem fært var í sérstaka skrá lögreglunnar, bætur.

Úrskurðað var í undirrétti að um mismunun hefði verið að ræða.

Ellefu manns kærðu skráninguna og hafa hverjum og einum verið dæmdar þrjátíu þúsund sænskar krónur í bætur eða sem svarar um 450 þúsundum íslenskra króna.

Rök stjórnvalda voru þau að skráin hefði verið gerð vegna mik-illar glæpatíðni á Skáni þar sem margir af rómafólki hefðu komið við sögu. Ekki hefur þó verið útskýrt hvers vegna 4.673 manns voru skráðir, þar af ríflega ellefu hundruð börn yngri en fimmtán ára. – ibs

Fjórir óskyldir Dóminíkar í fangelsi vegna fíkniefnasmygls

Þrjár konur og einn karl frá Dóminíska lýðveldinu er í fangelsi á Íslandi. Öll sitja þau inni vegna fíkniefna-innflutnings en komu til landsins frá Hollandi hvert á sínum tíma á árinu. Rúmlega þrítug kona frá Dómin-íska lýðveldinu var gripin í Keflavík um miðjan maí síðastliðinn með umtalsvert magn kókaíns innvortis.

LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítug kona frá Dóminíska lýðveldinu var hand-tekin á Keflavíkurflugvelli þann 15. maí síðastliðinn með um 350 grömm af kókaíni innvortis. Í dag er hún í gæsluvarðhaldi í fangelsinu á Akureyri.

Einnig eru tvær aðrar konur frá sama landi í fangelsi á Íslandi fyrir innflutning fíkniefna en allar þrjár eru hollenskir ríkisborgarar. Sam-kvæmt heimildum Fréttablaðsins þekkjast konurnar ekki, en komu allar frá Hollandi til Íslands hver í sínum mánuðinum á þessu ári.

Hinar tvær voru báðar sakfelldar í Héraðsdómi Norðurlands eystra síðastliðinn mánudag. Önnur þeirra er á sjötugsaldri og fékk fimmtán mánaða dóm fyrir innflutning á rúmum 600 grömmum af kókaíni. Hún kom til landsins 28. febrúar síðastliðinn. Hin konan er á fimm-tugsaldri og var handtekin nokkr-um dögum áður. Hún fékk tuttugu mánaða dóm fyrir innflutning á tæplega 750 grömmum af kókaíni. Þetta staðfesta lögmenn síðast-nefndu tveggja kvennanna.

Þá er karlmaður, einnig frá Dóminíska lýðveldinu, í fangelsi á Litla-Hrauni fyrir innflutning á rúmum 700 grömmum af kókaíni. Hann var handtekinn 11. febrúar á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru að minnsta kosti fjórir einstaklingar í fangelsi á Íslandi frá Dóminíska lýð-veldinu fyrir innflutning á kókaíni.

Sveinbjörn Halldórsson, lög-reglufulltrúi hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurnesjum, segir lögregluna ekki geta tjáð sig um málin að svo stöddu.



Fangaklefar í fangelsinu á Litla-Hrauni. Hér á landi sitja nú í fangelsi þrjár konur og einn karl frá Dóminíska lýðveldinu. Öll reyndu þau að smygla inn í landið fíkniefnum frá Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

» Sveinbjörn Halldórsson, lög-reglufulltrúi hjá rann-sóknardeild lögreglunnar á Suðurnesjum, segir lögregl-una ekki geta tjáð sig um málin að svo stöddu.

Á síðasta ári féllu tveir dómur í umfangsmiklum fíkniefnamálum. Mirjam Foekje van Twuijver var dæmd í ellefu ára fangelsi fyrir smygl á tæplega tuttugu kílóum af fíkniefnum til Íslands og Barry Van Tuijl var dæmdur í átta og hálfis árs fangelsi fyrir smygl á tæplega 210 þúsund MDMA-töflum og rúm-lega 30 kílóum af amfetamíni. Bæði

eru þau hollenskir ríkisborgarar og smygluðu efnunum frá Hollandi. Þá er eitt umfangsmikið fíkniefnamál til rannsóknar hjá lögreglu en fjórir menn eru í farbanni vegna málsins, tveir Íslendingar og tveir Hollend-ingar. Um er að ræða rúm tuttugu kíló af kókaíni sem komu hingað til lands með Norrænu í september síðastliðnum. nadine@frettabladid.is

Kvörtunum rignir inn vegna bíladaga

AKUREYRI Talsvert hefur borist af kvörtunum til lögreglunnar á Akureyri vegna götuspóls og glæfraakst-urs í íbúðahverfum bæjarins vegna Bíladaga sem haldnir eru þessa dagana í bænum. Lögreglan vill hvetja gesti hátíðarinnar til að virða umferðarreglur og haga sér skikkana-lega, virða næturro og frið íbúa.

„Það hafa borist talsvert margar kvartanir til okkar. Í gegnum árin hefur það fylgt hátíðinni; spyrna innanbæjar og götuspól um bæinn, sem fer í taugarnar á flestum öðrum en þeim sem það stunda,“ segir Daníel Guðjónsson, yfirlögreglu-þjónn á Akureyri. „Við erum með aukinn mannskap um helgina. Við erum ekki farnir að bæta mikið í um miðja vikuna en þó aðeins.“


Hann segir ekki hægt að takast á við öll þau mál sem koma á þeirra borð yfir hátíðina. „Það er nú bara þannig að menn fylgjast með okkur og það er yfirleitt rólegt í kringum okkur. En þá eru menn bara annars



Frá spyrnukeppni á Bíladögum á Akureyri árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

staðar. Þeir fylgjast grannt með ferð-um okkar og við getum ekki verið alls staðar. Þeir sem halda hátíðina leggja áherslu á að öikumenn hagi

sér og virði þær síðareglur sem þeir hafa sett og við vonumst eftir því einnig að menn haldi þær reglur,“ segir Daníel. – sa



Vegna breytinga á húsnæði í 101 þá er til sölu mikið af vönduðu efni svo sem: glerveggir/kerfisveggir(90m), ofnar(100 st),rúllugluggatjöld(99st), kerfisloft(500fm), ljós(80 st), móttökuborð, eldhúsháfur, raflagnaefni, skápar, viftur, loftræsti-og kælikerfi, ljósavél, hurðir, teppaflísar, WC ofl. Sjá: www.efnisveita.wix.com/0101 eða gsm 868 5007.

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku


Safnaðu 10 strikamerkjum og þú gætir unnið...
Fjölskylduævintýri

Keiða og
Shake & Pizza
fyrir fjóra

Tivoliferð
til Köben
fyrir fjóra

Gjafabréf
í Valdísi

Miðar
á Justin
Bieber



Tuttugu Rússum var í gær vísað úr landi frá Frakklandi

FRÁKKLAND Yfirvöld í Frakklandi ákváðu í gær að vísa tuttugu rússneskum fótboltaþullum úr landi sem voru þangað komnar til að fylgjast með Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu og veitast að stuðningsmönnum annarra liða. Bullurnar tilheyra hópi sem er einkar hliðhóllur Vladimir Pútín, forseta Rússlands. Leiðtogi hópsins, Alexander Shprygin, er á meðal þeirra sem vísað verður úr landi.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, fundaði í gær með sendiherra Frakka í Rússlandi og sagðist einkar óhress með ákvörðun Frakka. Lavrov varaði við því að andúðin sem hann

sæi á mótinu gæti skaðað tengsl Rússa og Frakka og lýsti áhyggjum sínum yfir ógrandi hegðun aðdáenda annarra landsliða sem hann sagði hafa traðkað á rússneska fánanum.

Eins og áður hefur verið greint frá eru Rússar á síðasta séns hjá UEFA, knattspyrnusambandi Evrópu, eftir hegðun stuðningsmanna landsliðsins um síðustu helgi. Samkvæmt frönsku lögreglunni veittust þá 150 rússneskar, vel þjálfadar, fótboltaþullar að Englendingum og beitti lögregla táragsi til að ná stjórn á átökunum. Ef rússnesku bullurnar gerast aftur sekar um slíka hegðun

36

fótboltaþullur voru handteknaðar í Lille í fyrrinótt.

verður Rússum vísað úr leik á mótinu.

Óeirðir brutust út á ný í fyrrinótt þegar lögregla beitti táragsi og handtók 36 fótboltaþullur, mestmegnis Englendinga, eftir að til stýmpinga kom á milli enskra, velskra, rúss-

neskra og slóvakískra fótboltaaðdáenda í borginni Lille. Sextán voru fluttir á sjúkrahús eftir átökin.

Enskar bullur náðust meðal annars á myndband er þær voru að kasta smápeningum í átt að börnum sem voru úti á götu að betla. Þá hrópuðu þær einnig að börnunum og blaðamaður Financial Times sagðist á Twitter hafa séð bullur láta ungan strák drekka hálfan lítra af bjór í skiptum fyrir smápeninga.

Englendingar eru einnig á hálum ís í augum UEFA vegna ofbeldis og var þeim hótad brottrekstri úr keppninni í vikunni. – þea



Rússnesk boltaþulla kastar stól í átt að Englendingum í Lille. NORDICPHOTOS/AFP



Verslunin var áður á Laugavegi 66, en í kjölfar tjónsins var hún óstarfhæf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VÍS bótaskyld fyrir tjón GK Reykjavík

DÓMSMÁL Vátryggingafélag Íslands ber ábyrgð á tjóni sem varð á fatnaði og öðrum munum í versluninni GK Reykjavík árið 2013 samkvæmt nýföllum dómi Hæstaréttar.

GK Clothing ehf., sem rekur verslunina, krafðist þess að viðurkennt yrði að VÍS bæri bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu verktakans Viðskiptavit ehf., og féllst dómurinn á það.

Tjónið varð þegar eigendur húsnæðisins að Laugavegi 66, þar sem verslunin var starfrækt, stóðu í miklum framkvæmdum sem urðu til þess að gat varð til inn á lager verslunarinnar. Í kjölfar þess fann mikið magn af iðnaðarvæði sér leið inn í verslunina og var hún óstarfhæf, auk þess sem lagerinn lá undir skemmdum. Eigendur verslunarinnar segja tjónið hafa hlaupið á tugum milljóna króna.

Hæstiréttur taldi Viðskiptavit ehf. ekki hafa viðhaft fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið og að það hafi orðið vegna saknæmra aðgerða verktakans.

Dómurinn taldi ekki hafa verið sýnt fram á eigin sök GK í málinu. – þv



Skólustúlkur í Malaví fyrir utan skólann. MYND/RAUÐI KROSSINN

Senda aðstoð til Malaví

HJÁLPARSTARF Rauði krossinn á Íslandi sendi í vikunni 15 milljónir króna til neyðarstarfs í Malaví. Þar af leggur utanríkisráðuneytið til níu milljónir króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Rauða krossinum.

Fjármagnið verður nýtt næstu mánuði til þess að gefa 12.000 skólabörnum máltíðir þar í landi. Þá segir að mikill uppskerubrestur hafi verið á svæðinu sem megi rekja til loftlagsbreytinga af manna völdum.

Rauði krossinn á Íslandi hefur áralanga reynslu af starfi í Malaví og hefur frá árinu 2002 tekið þátt í stórum verkefnum malavíska Rauða krossins sem miða að því að bæta heilsufar íbúa til lengri tíma. – ngy



Breska lögreglan rannsakaði heimili árársarmannsins eftir morðið í gær. Hann var handtekinn á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Breska þjóðin er í áfalli eftir morðið á þingkonunni Jo Cox

Jo Cox, þingmaður verkamannaflokksins, var myrt úti á götu í Bristall í gær. Árársarmaðurinn er 52 ára þjóðernissinni. Eftirlifandi eiginmaður hennar hvetur alla til að sameinast um að berjast gegn því hatri sem varð Cox að bana. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, frestaði för sinni til Gíbraltar vegna árársarinnar.

BRETLAND Jo Cox, þingmaður breska Verkamannaflokksins, var myrt í gær, 41 árs að aldri, fyrir utan bókasafn í Bristall, sem er suðvestur af Leeds. Árársarmaðurinn er 52 ára Englendingur.

Ráðist var á Cox síðdegis, hún skotin í tvingang hið minnsta og stungin mörgum sinnum. Cox var úrskurðuð látin á vettvangi.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, sagði þjóðina alla í losti eftir morðið í yfirlýsingu sem hann birti á heimasíðu sinni.

Hann sagði Cox hafa verið mikilsvirtan þingmann og að andstæðingar hennar á þingi hefðu virt hana mikils.

„Á næstu dögum verður að svara spurningunum hvernig og af hverju hún lét lífið,“ sagði Corbyn. „En nú er hugur okkar hjá eiginmanni Cox og tveimur börnum þeirra. Þau munu vaxa úr grasi án móður sinnar en geta verið afar stolt af því sem hún gerði, því sem hún áorkaði og því sem hún stóð fyrir.“

„Í dag hefst nýr kaflinn í lífi okkar. Erfiðari, sársaukafyllri,“ skrifaði Brendan Cox, eiginmaður þingkonunnar, í yfirlýsingu sem hann sendi

frá sér eftir tilræðið. „Hana hefði langað tvennt umfram allt annað, að börnin okkar yrðu umvafin kærleika og að við myndum öll sameinast um að berjast gegn því hatri sem varð henni að bana.“

Jo Cox tilheyrði þeim sem telja Bretlandi best borgið áfram innan Evrópusambandsins. Vitni að árársinni segja að skömmu fyrir árásina hafi árársarmaðurinn öskrað að þingkonunni „Bretland fyrst!“, sem er slagorð og heiti þjóðernishreyfingar í Bretlandi sem berst gegn innflytjendum og vill að Bretland segi sig úr ESB.

David Cameron, forsætisráðherra Breta og formaður Íhaldsflokksins, frestaði för sinni til Gíbraltar vegna árársarinnar. Hann sagði atburðinn hörmulegan og sagðist biðja fyrir Cox og fjölskyldu hennar.

Síðast gerðist það árið 1990 að breskur þingmaður var ráðinn af dögum þegar írski lýðveldisherinn myrti Ian Gow, þingmann Íhaldsflokksins, við heimili hans í Austur-Sussex í Bretlandi, með sprengju sem komið hafði verið fyrir undir bíl hans. sveinn@frettabladid.is



Jo Cox var fædd 1974 og kjörin á þing í síðustu þingkosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

Starfsfólk Hótel Eddu óskar þér gleðilegrar þjóðhátíðar og hlakkar til að taka á móti þér í sumar.



Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn en fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því þá er búið að opna öll hótelin okkar upp á gátt.

Sumarsæla í 55 ár

Fyrsta Edduhótelíð var opnað árið 1961 samkvæmt þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 11 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótélkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótel, en öll eru þau starfrækt á þeim upprunalega grunnni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

Atvinnuskapandi ferðamenning

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótelum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótela eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.



Gestríni af gamla skólanum

SÍÐAN 1961

11 HÓTEL ALLAN HRINGINN: 1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Höfn • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Stórutjarnir • 9 Akureyri • 10 Ísafjörður • 11 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.

Húllumhæ um allan bæ í dag

Þjóðhátíðardagur Íslands er haldinn hátíðlegur um land allt í dag. Fjölbreytt dagskrá er í höfuðborginni og verður aðalhátiðarsvæðið í ár nágrenni Tjarnarinnar. Búist er við ágætisveðri og hitinn gæti farið í fimmtán stig. Líklega er þó ráðlegt að hafa regnhlíf í farteskinu.

MANNLÍF Fjölbreytt þjóðhátíðardagskrá hefst klukkan tíu með samhljómi kirkjuklukkna í Reykjavík. Að honum loknum hefst guðspjónusta í Dómkirkjunni. Viðburðir verða víðsvegar um miðborgina og ættu bæði ungir sem aldnir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hefðbundnir dagskrárlíðir eru til staðar, til að mynda ávarp forsætisráðherra og ávarp fjallkonunnar. Skrúðgöngur verða farnar frá Austurvelli, Hlemmi og Hagatorgi. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá Íslendingum að minnisvarða Jóns Sigurðssonar og Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, leggur blómsveig frá borgarbúum að leiði hans og konu hans.

Aðalhátiðarsvæðið í ár er nágrenni Tjarnarinnar, einnig verða fjölskylduskemmtanir, tónleikar, götuleikhús, sirkus, fornblásýning og fleira í gördum og götum í grennd við Reykjavíkurtjörn. Á stóra sviðinu í Hljómskálagarði verða meðal annars atriði frá Latabæ, Salsalceland og Snorra Helgasyni.

Götulokanir í miðbænum á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga verða minni en undanfarin ár og ein-skorðast við nágrenni Austurvallar fyrir hádegi en nágrenni Tjarnarinnar síðdegis.

Það stefnir í ágætisveður á landinu á morgun og verður hægur vindur um allt land. Þá verða einhverjir skúrir, þá sérstaklega norðanlands en sunnan- og vestanlands verður úrkomulítið þó að nokkrir dropar gætu fallið.

„Ekki er að búast við úrhelli sem flæmir fólk inn í hús eða eitthvað slíkt og ætti veðrið ekki að vera til trafala,“ segir Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Hitinn á landinu verður níu til fimmtán stig yfir daginn.

Þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur í flestum bæjarfélögum landsins. Í Kópavogi hefst dagskráin



með skrúðgöngu frá Menntaskólunum í Kópavogi klukkan 13:30 og lýkur á Rútstúni þar sem við tekur hátíðardagskrá. Þá verða stórtónleikar á tüninu frá 19:30 til 22:00.

Hátíðardagskrá á Akureyri og Ísafirði hefst klukkan 13:00 og á Egilsstöðum klukkan 10:00.

Líkt og áður mun forseti Íslands sæma nokkra Íslendinga Hinni íslensku fálkaorðu við athöfn á Bessastöðum. thordis@frettabladid.is

Saga rigningar á 17. júní

Veðrið 17. júní er vinsælt umræðuefni en svo virðist sem flestir minnst þess að oftast rigni á þjóðhátíðardaginn.

Visindavefur Háskóla Íslands hefur svarað þeirri spurningu hversu oft hefur rignt á þjóðhátíðardaginn í Reykjavík frá stofnun lýðveldisins Íslands á Þingvöllum þann 17. júní 1944.

Samkvæmt mælingum á úrkomu í Reykjavík á 17. júní frá árinu 1944 til ársins 2015 hefur rignt í um 85 prósentum tilvika. Mismikil rigning hefur þó verið á þessum árum en frægasta rigning Íslandssögunnar var á stofnunardeginum sjálfum árið 1944.

Heimild: Visindavefurinn

» Aðalhátiðarsvæðið í ár er nágrenni Tjarnarinnar. Einnig verða fjölskylduskemmtanir, tónleikar, götuleikhús, sirkus, fornblásýning og fleira í gördum og götum í grennd við Reykjavíkurtjörn.

Saga ólögmaetra uppsagna hjá Isavia

Forstjóri Isavia hefur sent bréf á starfsmenn þar sem hann segist hafa leitað sátta í máli flugumferðarstjóra sem segist útilokaður frá störfum. Talaði aldrei við mig, segir flugumferðarstjórinn. Elin Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir mikla ábyrgð hvíla á Isavia.

ATVINNUMÁL Guðmundur Jón Friðriksson sagði í viðtali við Fréttablaðið á þriðjudag að hann væri útilokaður frá störfum við flugumferðarstjórn því Isavia svaraði ekki umsókn hans. Honum var sagt upp fyrir fimm árum eftir að hann kvartaði undan einelti yfirmanns síns. Héraðsdómur dæmdi uppsögnina ólöglega og Guðmundur hefur itrekað sótt um starf hjá fyrirtækinu síðan án árangurs.

Í bréfi Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, sem hann sendi til starfsmanna fyrirtækisins í gær segir að einungis upplifun Guðmundar sé lýst í fjölmiðlum en jafnframt að fyrirtækið kjósi að tjá sig ekki um málið. Að auki segir: „[Í] þessu máli var búið að leita allra leiða, meðal annars með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga til að ná farsælli niðurstöðu í málið. Við teljum að óhjákvæmilegt hafi verið að slíta ráðningarsambandinu. Fyrir uppsögninni var ærin ástæða að mati stjórnenda sem að því komu og ég var sammála því mati.“

Yfirmaðurinn var vandinn

Guðmundur segir að Björn Óli hafi aldrei veitt honum viðtal jafnvel þótt hann hafi itrekað sóst eftir því. Jafnframt segir hann að sérfræðingurinn sem hafi verið kallaður til hafi átt að vinna með samskiptavanda í deildinni sem kom til vegna nýs yfirmanns.

„Það átti að vinna með vinnu-móralinn almennt,“ segir Guðmundur. „Allir starfsmenn fóru á sérfund og maður átti að láta allt flakka í trúnaði. Sem ég gerði enda hafði yfirmadurinn reynt að fá mig rekinn í tvö ár og samskiptin eftir því. Það var skýrt að 90 prósent starfsmanna töldu þennan yfirmann vera undirrot vandans.“

Guðmundur segir Björn Óla fara með rangt mál enda þekki hann alls ekki báðar hliðar málsins. „Það talaði aldrei neinn við mig um stöðu mála fyrir uppsögn né ræddi leiðir til að leysa vandamál – mér var reyndar aldrei tjáð að það væru vandamál.“

Parf að skapa sátta

Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir ljóst að að það þurfi að ríkja sátta um starfsumhverfi flugumferðarstjóra. Hann vill ekki tjá sig um starfsmannastefnu Isavia. „Nú er ég ekki að fullyrða að það sé pottur brotinn í starfsmannamálum Isavia, en ef svo er hver væri þá rétti aðilinn til að rannsaka það? Væri það forstjórinn sem er aðili að málinu og hefur þar afleiðandi hagsmuna að gæta í því?“ spyr hann.

Sigurjón bendir á manneklei í flugumferðarstjórn á Íslandi og þörf fyrir þjálfun. „Því væri eðlilegt að skoða þetta mál nánar. Þarna er um að ræða mann sem hefur mikla

●● Nú er ég ekki að fullyrða að það sé pottur brotinn í starfsmannamálum Isavia, en ef svo er hver væri þá rétti aðilinn til að rannsaka það?

Sigurjón Jónasson, formaður FIF

●● Það er eitthvað mikið að starfsmannastefnunni í fyrirtækinu.

Ægir Gíslason, fyrrverandi starfsmaður Isavia

reynslu af stjórn flugumferðar sem og þjálfun flugumferðarstjóra og starfskraftar hans myndu nýttast vel í þau verkefni sem fram undan eru.“

Isavia ekki staðið undir ábyrgð Á Íslandi er ekki lagaleg skylda fyrirtækja að ráða starfsmenn aftur jafnvel þótt uppsögn sé dæmd ólögleg. Slíkt er háð samskiptavanda. Elin Björg Jónsdóttir, formaður

●● Það er augljóst að stjórnendur Isavia hafa ekki staðið undir sinni miklu ábyrgð í þessu máli.

Elin Björg Jónsdóttir, formaður BSRB

●● Það var skýrt að 90 prósent starfsmanna töldu þennan yfirmann vera undirrot vandans.

Guðmundur Jón Friðriksson, flugumferðarstjóri

ur BSRB, segir að máli Guðmundar hefði mátt ljúka farsælega með því að viðhafa rétt vinnubrögð innan Isavia um leið og málið kom upp.

„Við höfum talið að fyrirtækið eigi að endurskoða ákvörðun sína, sérstaklega í ljósi þess að uppsögnin var dæmd ólögleg. Það hvílir eðlilega mikil ábyrgð á fyrirtæki eins og Isavia, sem er að fullu í ríkiseigu,“ segir Elin og bendir á að Isavia sé eini vinnuveitandi

Fleiri umdeildar uppsagnir

Dómurinn í máli Guðmundar um ólögmaeta uppsögn er ekki einsdæmi í stuttri sögu Isavia. Skömmu áður dæmdi Hæstiréttur Isavia til að greiða öðrum starfsmanni miskabætur vegna þess hvernig staðið var að uppsögn. Einnig var Isavia dæmt í Hæstarétti í desember árið 2011 til greiðslu bóta vegna ólöglegrar uppsagnar félagsmanns SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu.

Ægir Gíslason sem starfaði sem öryggisvörður í flughöfninni hafði samband við Fréttablaðið og sagðist hafa verið sagt upp en voru greiddar bætur til að hann færi ekki í dómsmál. Hann var beðinn um að þegja um bæturnar. „Ástæða uppsagnar var líka látin heita samskiptaörðugleikar en ég var orðinn 64 ára og sagt upp þegar atvinnuástandið var slæmt. Enda hef ég ekki unnið síðan,“ segir Ægir. „Það er eitthvað mikið að starfsmannastefnunni í fyrirtækinu.“

flugumferðarstjóra á Íslandi. „Það er augljóst að stjórnendur Isavia hafa ekki staðið undir sinni miklu ábyrgð í þessu máli.“ erlabjorg@frettabladid.is

Hátíðarhöld í Kópavogi

17. júní

Dagskrá

Kópavogsvöllur | 10.00-11.00

17. júní hlaup fyrir börn í 1.-6. bekk á Kópavogsvelli.

Skrúðganga | 13.30

Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og Fjallkona leiða gönguna. Skrúðgangan leggur af stað kl. 13.30.

Rútstún | 14.00-18.00

Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell. Leiktæki, barnatjald fyrir 0-5 ára, hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira. Íþróttafélögin verða með sölutjöld á Rútstúni. Hjálparveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar. Klifurveggur og sveitin sýnir tæki og búnað.

Útisvæði við Menningarhús Kópavogs

Gerðarsafn og Garðskálinn verða opin kl. 11-17. Leiktæki fyrir börnin, Skapandi sumarstörf, Krakkahestar, andlitsmálun og fleira.

Gjábakki | 14.00-16.00

Hátíðarkaffi í félagsmiðstöðinni Gjábakka. Fjáröflun íþróttafélagsins Glóðar. Kaffihlaðborð kr. 2.500, frítt fyrir 12 ára og yngri. Atriði frá Skapandi sumarstörfum. Regína Ósk og Selma Björnsdóttir flytja ABBA lög.

Kl. 14.00 - 18.00

Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni

Kynnar: Gísli Grímsson og Torfi Guðbrandsson

Hátíðardagskrá

hefst klukkan 14.00

Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn Össurar Geirssonar

Theódóra S. Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs, flytur ávarp

Nýstúdent flytur ávarp

Fjallkona flytur ljóð

Skemmtidagskrá

hefst klukkan 14.30

Pollapönk

Alda Dís

Íþróttálfurinn og Solla stírða

Sigurvegari söngkeppni félagsmiðstöðva Kópavogs

Örn „Afi“ Árnason

Sylvía Erla Melsteð

ABBA, Regína Ósk og Selma Björnsdóttir

Ingó Veðurguð

Stórtónleikar á Rútstúni kl. 19.30

Agnes • Glowie • Úlfur Úlfur • Skálmöld • Sálín

SPORTS

200%

AFSLÁTTUR



SPORTS
DIRECT.com

Skógarlind 2

Opnunartími

Mán-mið: 10-19

Fim: 10-21

Fös: 10-20

Lau-Sun: 10-18



Hin
Fullkomna
Gjöf

Gildir í
verslunum
Sportsdirect.com
á Íslandi!



GJAFAKORT

Gildir í verslunum Sportsdirect.com á Íslandi!

DIRECT.COM

NÝ SENDING
Í HVERRI VIKU

AUF ÖLLU

GILDIR FÖSTUDAG 17. JÚNÍ. OPIÐ 10-18
GILDIR EKKI MEÐ TILBOÐUM



MEGA
VALUE

UEFA STUÐNINGSMANNA TREYJUR. FULLORÐNIR

2.990 KR.



MEGA
VALUE

UEFA STUÐNINGSMANNA TREYJUR. FULLORÐNIR

2.990 KR.

FÁÐU TREYJUNA ENDURGREIDDA
Í FORMI INNEIGNARNÓTU EF ÍSLAND VINNUR.

SKRÁÐU KASSAKVITTUNINA ÞÍNA Á SPORTSDIRECT.COM/EUROS
FYRIR 9.JÚLÍ NÆST KOMANDI
GILDIR EINUNGIS FYRIR UEFA STUÐNINGSMANNA FATNAÐ



Kolvetna-
skert

Óskajógúrt þjóðarinnar á tyllidögum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Rétt eins og skúradembur á þjóðhátíðardaginn er Óskajógúrtin aldrei langt undan. Þín óskastund getur því verið hvar og hvenær sem er.



Stóra myndin



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Margir kannast við hvernig hversdagsleg hugðarefni heimafyrir virðast einhvern veginn léttvægari þegar komið er út fyrir landsteinana. Á þriðja tug þúsunda Íslendinga sem um þessar mundir fylgja íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu upplifa þetta núna.

Kannski er það af því að hér búa svo fáir að hlutirnir virðast skipta minna máli þegar út í fjölmennið er komið, hvort sem það er þras stjórnmálanna, dýrtíðin sem Hagstofan upplýsti einn ganginn enn að viðgengist hér í samanburði við nágrannalöndin, asnaleg framsgögn í lesnum auglýsingum Bylgjunnar, forsetakosningar, eða sjálfur þjóðhátíðardagurinn sem haldinn er hátíðlegur í dag.

Líklegra er þó að sama eigi við hverrar þjóðar sem fólk er. Það er nærumhverfið sem skiptir máli, sama hvar fólk er stadd. Einstaklingurinn hefur jú tilhneigingu til að setja sjálfan sig í miðju heimsins. Stundum koma þó upp hlutir sem setja hlutina í annað samhengi.

CNN birti í fyrradag myndband þar sem varað var við myndefninu. Litill drengur, á að giska fimm ára, í stuttbuxum, íþróttaskóm og röndóttum bol, er lífvana í höndum manns sem kemur með fleirum hlaupandi inn á sjúkrahús. Á meðan barnið er sett á sjúkrahönd og hugað að því má sjá hvernig eldri drengur sem kom með hópnum, kannski níu eða tíu ára, rykugur og með blóðbletti á sér, fylgist með, kvíðinn og með tárin í augunum. Það þarf ekki mikið ímyndunarafli til að geta sér til um að þetta sé eldri bróðir hins.

Ahorfendur fá að sjá hvernig óttinn og kvíðinn breytast í nístandi sorg þegar í ljós kemur að þeim yngri verður ekki bjargað. Fullorðinn maður reynir án árangurs að hugga eldri drenginn sem hleypur burt. Lík litla stráksins er vafið í blátt klæði. Svo má sjá þegar móðir piltsins sækir líkið og gengur með það á braut. Myndskeið sem ekki verður horft á án þess að komast við.

Í ljós kemur að upptakan er frá Sýrlandi þar sem stjórnarherinn hafði nýlokið við að varpa tunnusprenjum á svæði þar sem nýverið hafði í fyrsta sinn í langan tíma verið dreift hjálpargögnum. Ámóta óhugnaður á sér stað víða um heim. Hörmungarnar bitna á venjulegu fólki.

Kannski yrði fólk fljótt vitstola ef það ætlaði að taka nærri sér allt óréttlæti og sérhverja hörmungarsögu þessa heims. Og í því ljósi skiljanlegt að nærumhverfi hvers og eins haldi bróðurparti athyglinnar. En það þýðir ekki að í lagi sé að loka augunum fyrir því sem aflaga fer í heiminum.

Ríkar þjóðir og íbúar þeirra njóta þeirra forréttinda að þurfa ekki að láta sér nægja að draga fram lífið frá degi til dags. Þessar þjóðir hafa tækifæri til að vera til gagns og þrýsta á um breytingar til batnaðar í heimi þar sem helsta hreyfiaflið virðist peningar og völd, hagsmunir og áhrif stórþjóða.

Á degi eins og í dag kann að vera ágætt að hugleða stöðu og hlutverk Íslands í samfélagi þjóða. Smáþjóðir (með léttvæg vandamál) geta haft áhrif, sér í lagi í samvinnu við aðrar þjóðir.



Það er nærumhverfið sem skiptir máli, sama hvar fólk er stadd. Einstaklingurinn hefur jú tilhneigingu til að setja sjálfan sig í miðju heimsins.

Halldór



Frá degi til dags

Árás á hugmyndafræði
Jo Cox var móðir tveggja barna, þriggja og fimm ára, þegar hún féll í árás manns á sextugsaldri á götum Bristol í Englandi. Jo Cox var myrt vegna skoðana sinna. Jo Cox hafði verið þingkona í rúmt ár þegar maður með aðra skoðun, aðra heimsýn, önnur gildi, myrti hana með köldu blóði, með bæði egg- og skotvopni. Í grunninn er hér ekki um að ræða neitt annað en glæp gegn þeim gildum sem vestræn samfélög hafa byggt upp á.

Meiri ást, meira umburðarlyndi
Eftirlifandi eiginmaður Cox, Brendan, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þess efnis að nú ættum við að sameinast um að berjast gegn því hatri sem í raun varð konu hans að bana. Á sama tíma er fimmtíu saklausum hommum og lesbíum slátrað á skemmtistaði í Flórída í Bandaríkjunum aðeins vegna þess að bana maður hafði aðrar skoðanir, aðra heimssýn og önnur gildi en þeir sem létu lífið. Það er í sjálfu sér sorglegra en tárur taki að horfa upp á slík völdverk eiga sér stað í upplýstum heimi. Nú er það okkar allra að sýna ást, umhyggju og fyrst og síðast umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum okkar og elska náungann eins og sjálfan sig. sveinn@frettabladid.is

Opin umræða



Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets

Nýlega kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp þann úrskurð að Landsneti bæri að veita Landvernd aðgang að skýrslunni, High Voltage Underground Cables in Iceland, sem samin var fyrir Landsnet um háspennulínur í jörðu.

Íslensk útgáfa skýrslunnar var birt á vef Landsnets en ítarlegri útgáfa á ensku var ekki birt opinberlega þar sem í henni var að finna viðskiptaupplýsingar sem Landsnet var ekki tilbúið að veita aðgang að sökum útboðshagsmuna sem hefðu getað haft áhrif á flutningskostnað raforku. Úrskurðarnefndin féllst á þetta sjónarmið og voru þessar upplýsingar fjarlægðar úr skýrslunni áður en hún var birt opinberlega.

Báðar skýrslurnar má finna á vef okkar, landsnet.is.

Samtalið skiptir máli

Hjá Landsneti leggjum við áherslu á gagnsæi í störfum okkar og kappkostum að miðla áreiðanlegum og réttum upplýsingum. Það eru lagðar ríkar skyldur á Landsnet um kynningu á þeim verkefnum sem til umfjöllunar eru hverju sinni og mun Landsnet kappkosta að uppfylla þær skyldur hér eftir sem hingað til.

Það er stefna okkar að sýna frumkvæði í samskiptum við hagsmunaaðila og við viljum að slík samskipti einkennist af hreinskilni, ábyrgð, vísunni, gagnkvæmri virðingu og samstarfsvilja. Og þar skiptir samtalið öllu máli – það samtal viljum við eiga við Landvernd.

Við tökum undir það sjónarmið Landverndar að ekki megi teffa uppbyggingu raforkukerfisins með leyndarhyggju og leynimakki. Slík vinnubrögð viðgangast ekki hjá Landsneti og við erum tilbúin í umræður um skýrsluna og uppbyggingu raforkukerfisins í heild hvenær sem er.

Við höfum í gegnum tíðina boðið fulltrúum frá Landvernd að koma og ræða við okkur og ítrekum það boð hér – verið velkomin til okkar á Gylfaflötina.



Og þar skiptir samtalið öllu máli – það samtal viljum við eiga við Landvernd.



Tilkynning um framlagningu kjörskrár

Kjörskrá í Mosfellsbæ vegna forsetakosninga 25. júní 2016.

Kjörskrá vegna forsetakosninganna sem fram fara þann 25. júní 2016 liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á skrifstofutíma frá kl. 08:00 – 16:00, frá og með 15. júní 2016 og til kjördags.

Mosfellsbæ 15. júní 2016.
Bæjarstjórnin í Mosfellsbæ

Áfram Ísland

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Ég veit ekki hvort ég var jafnsveittur og Gylfi eftir leikinn gegn Portúgal (þið munið—þennan sem við unnum 1–1)—en það munaði varla miklu því ég var gjörsamlega búinn á því, bæði líkamlega og andlega, þegar loksins var flautað til leiksloka. Mér leið eins og ég væri nýkominn úr IKEA-ferð með fjölskyldunni.

Fyrirfram átti ég ekki endilega von á því að leikurinn næði slíkum heljar-tökum á mér. Stundin varð stærri en ég bjóst við og tilfinningar miklu sterkari. Ég var gagnstekinn af þjóð-erniskennnd, stolti og metnaði. Og ég hlakka til þess að leyfa þessum ofsa að ná tókum á mér aftur á morgun í leiknum gegn Ungverjum. Blind ástríða er máttug tilfinning og í raun væri fátænlegt að horfa á leikina með einhverju öðru hugarfari.

Fallegur fótbolti

Hingað til höfum við Íslendingar nefnilega þurft að láta okkur nægja að velja okkur lið til þess að „halda með“ á stórmótum í knattspyrnu. Sumir velja að halda með löndum sem þeir hafa bundist einhverjum tilfinninga-böndum vegna langrar eða skammrar dvalar í landinu; sumir hafa haldið með landi vegna þess að tiltekni leikmenn eru í sérlegu uppáhaldi eða búningarnir flottir og fjölmargir Íslendingar hafa fylgst spenntir með stórmótum án þess að halda með sérstöku liði—þeir halda bara með „góðum fótbolta“.

En nú er öllum á Íslandi skítsama

um „góðan fótbolta“. Það þarf ekki flókin rokstuðning til þess að halda með sinni eigin þjóð. Tilfinningar ráða algjörlega. Fallegur fótbolti er sá fótbolti sem skilar okkur árangri. Ef við þurfum að pakka í vörn og láta skotin dynja á okkur og hreinsa svo frá í örvæntingu—þá er það fallegur fótbolti. Ef við náum upp léttleikandi spili alla leið frá eigin markteig og fram í sókn—þá er það líka fallegur fótbolti.

Það mun enginn nenna að horfa á leiki Íslands með manni sem ætlar sér að gagnrýna nokkurn skapaðan hlut í leik liðsins, eða horfa á leikinn af einhverri sanngirni. Þjóðargersemin Gummi Ben orðaði þetta fullkomlega í lýsingu sinni frá St. Etienne: „Jú, hann var kannski aðeins rangstædur. En ekki svo rangstædur að það hefði þurft að dæma á það.“

Tilfinningarnar ráða

Þetta er málið. Þjóðin er sameinuð. Ef einhver Íslendingur dirfðist að segja að Ronaldo hafi hugsanlega haft eitt-hvað til síns máls, eða að þessi Pepe sé nú bara ágætur, eða að það hafi sennilega verið rétt hjá dómaranum að dæma aðra aukaspyrnu í leikslök (af því að gengur kannski ekki að leyfa mönnum að klára bara leikinn með því að verja með höndunum)—þá mun sá hinn sami þurfa að setta sig við að horfa á næstu leiki aleinn. Hann getur þá talað af hlutleysi við veggina heima hjá sér. Við viljum ekki heyra það. Við viljum ekki rök. Við viljum ekki réttlæti. Við viljum ekki sanngirni. Við viljum sigur!

Íþróttir eru vettvangur þar sem það er í góðu lagi að láta hinar frumstæðustu tilfinningar ráða algjörlega för. Þá slökkvum við á öllum æðri stöðvum heilans—og leyfum okkur að trúa fjölmörgum hlutum samtímis sem eru algjörlega örökréttir og stangast jafnvel á innbyrðis. Það er stór hluti af gleðinni og stemningunni að vera ekki að flækja hlutina neitt. En þessar sömu tilfinningar geta verið varhuga-verðar þegar þær skjóta upp kollinum annars staðar. Í pólitík eru þær til að mynda stórhættulegar—eins og sést vel á framboði Donalds Trump í Bandaríkjunum. Hann byggir kosningabaráttu sína á hamslausri persónudýrkun og blindri ástríðu. Stuðningsmenn hans velja að trúa því sem hann segir jafnvel þótt þar stangist hver hluturinn á við annan; og flest líka við raunveruleikann. Þeir halda með sínum manni eins og við höldum með íslenska landsliðinu.

Engin kraftaverk

Og það þarf að passa sig á því að láta ekki ástríðuna yfir velgengni landsliðsins smitast út fyrir leikvanginn sjálfan. Við erum auðvitað rifandi stolt af okkar mönnum og njótum þeirrar alþjóðlegu athygli og addunar sem árangur íslenska landsliðsins hefur vakið. Manni hlýnar um hjartarætur að sjá samstöðuna sem Færeyingar, Danir og Norðmenn hafa sýnt Íslendingum á þessu móti.

Í þessu, eins og ýmsu öðru, má taka sér til fyrirmyndar íþróttafólkið sjálft. Hvort sem um er að ræða íslenska knattspyrnumenn

eða konur, körfuboltafólkið okkar og handboltamennina—þá er augljóst að ekkert þeirra þakkar kraftaverkum eða meðfæddum yfirburðum Íslendinga fyrir árangurinn. Landsliðsmennirnir okkar í Frakklandi vita betur. Þeir hafa sjálfstraust án drambsemi og lifa til fulls eftir þeirri hugsjón að enginn er stærri en liðið. Þeir hafa skipulagt sig og æft sig til þess að ná árangri—og umfram allt hefur íslenskt íþróttalíf notið þess að Ísland er opið og frjálst land.

Margir af stærstu áhrifavöldum íslenskrar íþróttasögu eru útlendingar sem hingað hafa komið og miðlað af þekkingu sinni og reynslu. Nægir þar að nefna Bogdan Kowalczyk í handboltanum, Alexander Ermolinskij í körfuboltanum; og svo menn eins og George Kirby og auðvitað Lars Lagerbäck í fótboltanum. Og öruggt er að Ísland hefði ekki átt minnsta möguleika á því að komast á EM í Frakklandi ef íslenskir knattspyrnumenn væru áthagabundnir og hefðu ekki reynslu af því að spila gegn bestu leikmönnum veraldar.

Áfram Ísland

Það er gott að hafa það í huga í dag—á sjálfan 17. júní þegar við fögnum og þökkum fyrir Ísland og allt sem er íslenskt—að mesta gleðin og stoltið yfir því að vera Íslendingur á rætur sínar í því þegar við höfum sjálfstraust og hugrekki til þess að opna faðminn fyrir nýjum straumum og nýju fólki.

Til hamingju með daginn og ÁFRAM ÍSLAND.



Manni hlýnar um hjartarætur við að sjá samstöðuna sem Færeyingar, Danir og Norðmenn hafa sýnt Íslendingum á þessu móti.

Er magn betra en gæði?



Bryndis Kristjánsdóttir, ritari stjórnar Félags leiðsögumanna

Allir sem starfa sem leiðsögumenn geta gengið í Félag leiðsögumanna. Félagið starfar fyrir alla leiðsögumenn að málum sem snerta kjör þeirra, samskipti við vinnuveitendur, menntun leiðsögumanna og félagsmál, á sama hátt og önnur stéttarfélag landsins. Félagið rekur skrifstofu sem opin er alla virka daga.

Eins og segir hér í upphafi er félagið fyrir ALLA sem starfa við leiðsögn á íslenskum vinnumarkaði. Hér á síðum Fréttablaðsins hafa á undanföllum vikum birst skrif þar sem einstakling-

ur reynir á allan máta að svarta Félag leiðsögumanna, sem hann er reyndar aðili að! Og það hlýtur að vera erfitt að finna dæmi um félagsmann annars félags sem vinnur gegn félagi sínu á þennan máta. Stjórn félagsins hefur kosið að vera ekki að svara þessum skrifum í fjölmiðlum, og hefur þess í stað getið þeirra á vefsíðu FL, en þar sem þessum skrifum virðist ekki ætla að linna þá er þessi pistill birtur.

Félag leiðsögumanna var stofnað árið 1972 sem hagsmunasamtök þeirra sem höfðu lifibrauð sitt af leiðsögumannsstarfinu. Menntunarmál stéttarinnar hafa frá upphafi verið eitt þeirra mála sem félagið hefur látið sig miklu varða og átt sinn þátt í að þróa. Námið sem er boðið upp á í Leiðsöguskóla Íslands, sem nú starfar undir þaki MK, byggir á þeim grunni að námi sem félagsmenn stunduðu í upphafi og hefur síðan verið að þróast og byggjast upp í samræmi við vinnu-umhverfið og í samstarfi við yfirvöld

menntamála í landinu. Menntamála-ráðuneytið vinnur námskrár fyrir nám í landinu, e.k. staðal sem þarf að uppfylla til að námið teljist uppfylla opinber skilyrði. Námið í Leiðsöguskóla Íslands er skipulagt í samræmi við námskrána og Evrópustaðal um nám í leiðsögn. Fyrst í stað var námið í Leiðsöguskólanum eina leiðsögunámið sem boðið var upp á en nú bjóðast fleiri möguleikar. Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á leiðsögunám í samræmi við kröfur háskólaumhverfis og við símenntunardeild Háskólans á Akureyri er boðið upp á nám sem byggt er upp á sama hátt og í Leiðsöguskóla Íslands. Skólanefnd Félags leiðsögumanna, ásamt stjórn félagsins, fylgist með því námi sem boðið er upp á í þessum skólum og skólanefndarmenn eru reglulega kallaðir til á fundi skólanna. Aðrir skólar hafa ekki verið í samstarfi við félagið á sama hátt, þótt leitað hafi verið eftir, og því veit félagið ekki eftir

hvaða gæðakröfum og -stöðlum nám þeirra er byggt upp.

Félagsmenn FL voru upphaflega stofnfélagarnir og síðan bættust þeir við sem lokið höfðu námi frá Leiðsöguskólanum. Á ákveðnum tímapunkti var félagið opnað fyrir öllum sem störfuðu við fagið og þá ekki spurt um menntun. Margir félagsmanna sem fyrir voru – menntaðir leiðsögumenn – voru ekki sáttir og því var gripið til þess ráðs að vera með deild fagmenntaðra leiðsögumanna innan félagsins, þar sem þeir áttu aðild og síðan hafa þar bæst við allir sem lokið hafa námi frá viðurkenndum skólum. Allir starfandi leiðsögumenn geta því verið í stéttarfélagi FL og verið með fagfélagsaðild að auki, uppfylli þeir þau skilyrði.

Sá sem hefur verið að gagnrýna FL hér á síðum Fréttablaðsins vill hins vegar að leiðsögumenntun félagsmanna verði gjaldfeld og allir séu settir undir sama hatt – líka þeir



Og það hlýtur að vera erfitt að finna dæmi um félagsmann annars félags sem vinnur gegn félagi sínu á þennan máta.

sem „kaupa“ sér réttindi án þess að stunda nám. Hann telur að „magn leiðsögumanna“ hljóti að leiða til hærri launa (sem vissulega mættu vera miklu hærri) en gefur lítið fyrir gæðin og gott orðspor sem leiðsögumenn hafa verið að að byggja upp frá stofnun félagsins. Á sama tíma er verið að kalla eftir meiri fagmennsku og gæðum innan ferðapjónustunnar – og félagsmenn og aðrir hljóta því að spyrja sig hvort sú leið sem þessi félagsmaður leggur til að sé farin sé stéttinni til góða.



HVAÐ FÆR STJÖRNURNAR TIL AÐ SKÍNA SKÆRAR?

PERFECT BLACK, PERFECT COLOR



LG OLED TV

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Seiglusigur kom FH aftur á toppinn í Pepsi-deildinni



Viltu boltann? Erlendur Eiríksson stóð í ströngu í leik Vals og FH á Valsvellingum í gærkvöldi. Hér virðist hann bjóða Kristni Frey Sigurðssyni og Kassim Doumbia boltann. FH-ingar unnu leikinn 0-1 og komu sér á topp Pepsi-deildarinnar á ný. Valsmenn eru aftur á móti í 7. sæti með 10 stig, sjö stigum á eftir FH-ingum. Þeir geta þó huggað sig við að erkifjendurnir í KR eru átta stigum frá toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Hæ, hó og jibbí nei

Ísland mætir Ungverjalandi í öðrum leik liðsins á EM 2016 á morgun. Eftir frábær úrslit gegn Portúgal er líklegt að sigur komi okkar liði í 16 liða úrslitin.



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

FÓTBOLTI Þeir voru yfirveginn upp-máluð, Jóhann Berg Guðmundsson og Kári Árnason leikmenn íslenska landsliðsins í fótbolta, þegar þeir svöruðu spurningum blaðamanna á blaðamannafundi í Annecy ásamt Heimil Hallgrímssyni í gær.

Næsta verkefni strákanna okkar er leikur gegn Ungverjalandi í Marseille á morgun en sigur þar kemur okkar mönnum mjög líklega í 16 liða úrslitin. Þökk sé frábærum úrslitum gegn Portúgal í fyrsta leik. Þó mikil gleði hafi ríkt hjá þjóðinni eftir þann leik voru strákarnir fljótir niður úr skýjunum.

„Það þarf ekki að minna neinn á það að halda sér á jörðinni. Það er sjálfgefið. Við áttum okkur á því að við erum í riðlakeppni þannig að við þurfum að taka einn leik í einu. Augljóslega voru þetta góð úrslit en við höfum ekkert unnið enn þá,“ sagði Kári Árnason og Jóhann Berg tók undir orð hans.

„Þetta var bara eitt stig. Við unnum ekki leikinn og þurfum



Þeir eru svo einbeittir að þeir vita ekki einu sinni að það er þjóðhátíðardagurinn á morgun.

Heimil Hallgrímsson

því að halda okkur á jörðinni. Við eigum tvo leiki eftir og sá næsti er mikilvægur.“

Heimil Hallgrímsson landsliðsþjálfari var eðlilega sáttur með framlag íslenska liðsins gegn Portúgal.

„Við viljum standa fyrir ákveðnum hlutum og ákveðnum gildum. Við sýndum þessi gildi í leiknum gegn Portúgal og þetta þurfum við að gera í hverjum einasta leik ef við ætlum að safna fleiri stigum. Það er ekki bara hægt að spila með þessi gildi að vonni gegn góðum liðum heldur þurfum við að gera þetta alltaf,“ sagði Heimil.

Aðspurður hvort hann hefði áhyggjur af því að strákarnir væru enn að fagna jafnteflinu gegn Portúgal þegar kæmi að leiknum gegn Ungverjalandi sagði hann svo ekki vera. „Þar sem ég þekki leikmennina hef ég ekki áhyggjur af því að þeir komi sér ekki niður á jörðina en það er gott fyrir okkur að minna okkur á þessi gildi og hversu mikið við lögðum á okkur í þessum leik. Einbeitingin gegn Portúgal var frábær og ef við höldum svona áfram út mótið erum við í góðum málum.“

Enginn 17. júní

Í dag heima á Íslandi verður væntanlega ekki þverfótað fyrir börnum með heliublöðru í annarri og kandífloss í hinni fyrir utan það sem verður fast í andlitinu á þeim. Unglingar sjúga sykursnuð og misgóðar hljómsveitir halda tónleika á bæjarhátíðum úti um allt land. Það er kominn 17. júní.

Það verður þó enginn þjóðhátíðardagsfagnaður hjá strákunum okkar sem ferðast til Marseille í dag og taka þar síðustu æfingu fyrir leikinn risastóra gegn Ungverjalandi. Strákarnir voru ekki einu sinni meðvitaðir um að þessi hátíðisdagur myndi renna upp í dag þegar norskur blaðamaður spurði á fundinum í gær hvort liðið ætlaði að fagna eitthvað saman í dag.

„Fagna?“ spurði Jóhann Berg og vissi ekki hvað maðurinn var að tala um. Norðmaðurinn útskýrði þá fyrir Íslendingnum að 17. júní væri í dag. „Er hann á morgun?“ spurði Jóhann Berg og hlógu þá allir í salnum. „Við erum ekki að einbeita okkur að því. Við erum bara að einbeita okkur að leiknum. Vonandi fögnum við bara eftir leikinn.“

Heimil Hallgrímsson gat ekki annað en brosað en kom sínum manni til varnar. „Þeir eru svo einbeittir að þeir vita ekki einu sinni að það er þjóðhátíðardagurinn á morgun,“ sagði Heimil.

Ungverjar orðnir miklu betri

Ungverska liðið kom verulega á óvart í fyrsta leik og vann Austurríki sem margir sparspekningar töldu að gæti komið verulega á óvart á mótiinu. Austurríki rúllaði upp erfiðum riðli en Ungverjaland lagði Noreg í umspilsleikjum.

„Við erum búnir að horfa á þá nokkrum sinnum. Við sáum umspilsleikina gegn Noregi en þeir hafa bætt sig mikið síðan þá. Mér fannst Ungverjaland spila frábærliga gegn Austurríki og það er með mjög traust lið,“ sagði Kári um Ungverjana og Jóhann var sammála. „Þeir eru miklu betri en þegar þeir spiluðu við Noreg. Þeir mæta fullir sjálfstraust til leiks eftir sigurinn á Ungverjalandi.“

Heimil hrósaði Fernando Santos, þjálfara Portúgals, mikið fyrir leikinn gegn Portúgal og Heimil líka ungverska þjálfaranum.

„Við viljum hrósa Bernd Storck fyrir hvað hann hefur gert með ungverska liðið. Það er mjög skipulagt og þegar maður hefur séð svona marga leiki með Ungverjalandi sér maður hvernig liðið er að þróast. Ungverjarnir eru mjög þéttir og hafa verið þekktir fyrir varnarleikinn en gegn Austurríki sást hversu hættulegir þeir eru fram á við.“



Stjarna gærdagsins á EM 2016

Liverpool-maðurinn Daniel Sturridge kom Englendingum til bjargar á EM í Frakklandi í gær eftir að hafa komið inn á sem vara-maður í stöðunni 1-0 fyrir Wales. England vann á endanum 2-1 sigur á Wales og er í toppsæti riðilsins. Daniel Sturridge fékk ekki að spila



minútu í fyrsta leiknum en lagði upp fyrri markið í gær fyrir annan varmann, Jamie Vardy, og skoraði síðan sigurmarkið sjálfur í uppbótartíma leiksins.

EM 2016 í Frakklandi í gær

B-riðill England - Wales 2-1

0-1 Gareth Bale (42.), 1-1 Jamie Vardy (56.), 2-1 Daniel Sturridge (90.+2).

Stigin í B-riðlinum: England 4, Wales 3, Slóvakía 3, Rússland 1.

C-riðill Úkraina - Norður-Írland 0-2

0-1 Gareth McAuley (49.), 0-2 Niall McGinn (90.+6). Fyrsti sigur Norður-Íra á EM.

Þýskaland - Pólland 0-0

Stigin í C-riðlinum: Þýskaland 4, Pólland 4, Norður-Írland 3, Úkraina 0 (úr leik).

Pepsi-deild karla í fótbolta

Valur - FH 0-1

0-1 Emil Pálsson (75.).

Emil Pálsson skaut FH-ingum á topp Pepsi-deildarinnar þegar hann tryggði liðinu 0-1 sigur annan leikinn í röð.

Efst	Neðst		
FH	17	Valur	10
Fjölnir	16	KR	9
Breiðablik	15	Víkingur R.	8
Víkingur Ó.	14	Þróttur	7
ÍBV	13	ÍA	4
Stjarnan	11	Fylkir	2

Undankeppni HM í handbolta

Portúgal - Ísland 21-20

Mörk Íslands (Skot): Aron Pálmarsson 4 (11), Arnór Þór Gunnarsson 3/1 (4/2), Rúnar Kárason 3 (6), Arnór Atlason 3 (7/1), Kári Kristján Kristjánsson 2 (2), Ólafur Guðmundsson 2 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (5), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (4).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 16 (37/3, 43%).

Þrátt fyrir tapið er Ísland komið á HM í Frakklandi sem fer fram í byrjun næsta árs. Dregið verður í riðla 23. júní.

Leikurinn var það seint í gær að aðeins náðust inn úrslitin áður en Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Í dag

17.00 US Open 2016 Golfstöðin
22.00 Sumarmessan Sport
00.00 Perú - Kólumbía Sport

EM í dag

13.00 Ítalía - Svíþjóð E-riðill
16.00 Tékkland - Króatía D-riðill
19.00 Spánn - Tyrkland D-riðill

DÝRMÆTT AÐ GRÍPA TÆKIFÆRIN

Tónlistarkonan, fjölmiðlafræðingurinn og fyrrverandi landsliðskonan í fótbolta **Greta Mjöll Samúelsdóttir** flutti með fjölskyldu sinni síðastliðið haust á Djúpavog þar sem hún þjálfar og kennir börnum íþróttir. Þar líður henni vel, hún nýtur enn betur samverunnar við dóttur sína og þar líður tíminn örlítið hægar en á höfuðborgarsvæðinu.

Síðastliðið sumar sótti William Óðinn Lefever, kærasti Gretu Mjallar Samúelsdóttur, tónlistarkonu, fjölmiðlafræðings og fyrrverandi landsliðskonu í fótbolta, um starf íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Djúpavogshrepps og framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins Neista. Starfið fékk hann og var það kveikjan að því að fjölskyldan litla flutti austur. „Flutningarnir voru ekki ákveðnir með löngum fyrirvara, við sáum auglýsinguna um starfið í júlilok, meltum þetta yfir verslunarmannahelgina og svo í lok ágúst vorum við búin að ákveða að flytja,“ segir Greta Mjöll en hún var á þeim tíma að klára fæðingarorlof þannig að þá var farið í að finna eitthvað fyrir hana að gera á Djúpavogi. Þá kom í ljós að það vantaði íþróttakennara og þjálfara á staðinn. „Þar sem ég er með þessa reynslu af íþróttum taldi ég mig alveg geta leyst það af hendi. Ég hef því kennt öllum börnunum íþróttir í vetur og þjálfað nánast öll þeirra líka í Neista og hefur það verið ótrúlega skemmtileg reynsla.“

TILBÚIN AÐ PRÓFA NÝJA HLUTI

Greta segir það vera heilmikið mál að flytja svona langt, að rífa fjölskylduna upp með rótum og taka þetta skref. „Margir í fjölskyldunni hans Óðins hafa prófað að flytja út á land úr borginni og hafa borið því vel söguna. Við höfð-

um rætt þetta og velt þessu fyrir okkur um nokkurt skeið. Sérstaklega eftir að við eignuðumst litlu Regínu,“ útskýrir Greta og heldur áfram.

„Það tala allir um að tíminn þegar börnin eru lítil fljúgi áfram og ég var ekki tilbúin að leyfa honum að fljúga frá mér. En ég skil vel af hverju hann gerir það. Það eiga allir að vera að gera „allt“ og það helst á nákvæmlega sama tíma. Þegar þú ert að hefja feril þá áttu helst líka að stofna fyrirtæki, skrifa bók, eignast öll börnin þín og vera fullkomin á meðan. Þessi hönnun er hálf skritin finnst mér stundum. Við ættum í raun að byrja að eignast börn um fimm-tugt. Þá eru allir komnir í svo gott jafnvægi,“ segir hún hugsuð og bætir við að henni finnst pressan um að gera þetta allt saman á sama tíma of mikil.

„Ég var bara ekki til í þetta. Ég horfði á þetta þannig að með því að flytja hingað væri ég kannski að ýta hlutum aðeins til hliðar og myndi ná að njóta dóttur minnar. Svo er maður náttúrlega bara á fullu hér og hef sjaldan verið jafn upptekin. En samt á góðan hátt, mér finnst ég vera að njóta Regínu og tímans með henni. Svo get ég bara skrifað bók seinna,“ segir Greta brosandí.

BESTA HLUTVERKIÐ

Regína Anna Lefever, dóttir »



Lífsskili

Greta hefur nóg að gera á nýjum stað. Hún fluttist til Djúpavogs í haust þar sem hún kennir, þjálfar og nýtur lífsins.

KitchenAid

THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS



Seguldrifinn blandari



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





Greta þurfti að hætta í fótbolta vegna meiðsla en Breiðablik varð bikarmeistari haustið sem hún hætti og Greta var valin aftur í landsliðið þannig að hún var á góðum stað þegar hún þurfti að kveðja boltann.

Gretu, er sextán mánaða og segir Greta aðspurð um móðurhlutverknið að klisjan um það sé sönn. „Þetta er bæði það besta og erfiðasta sem ég hef gert. Þetta er dásamlegt og ég hefði aldrei getað trúað því að maður gæti verið með einstakling svona hrikalega mikið á heilanum. Ég er alveg orðin mamman sem stoppar samtalið og segir: Sjáðu hvað hún er myndin, hún er með tunguna úti! Og sendir öllum það svo á Snapchat,“ segir hún og hlær dátt.

Greta bætti ekki aðeins við sig móðurtitlinum í fyrra heldur skreytti hún sig líka með móðursysturtitlinum þegar systir hennar, Hólmfríður, eignaðist sitt fyrsta barn í lok desember. „Já, við náðum að verða mömm-

ur á sama árinu og mamma og pabbi urðu tvöföld amma og afi á einu ári. Það hefði verið gott að vera nær í lok meðgöngu systur minnar og fyrstu mánuði dóttur hennar.

Mér finnst það kannski það erfiðasta við að vera svona langt í burtu að mér finnst ég stundum missa af hinu og þessu í fjölskyldunni. Þá minni ég mig á að þegar ég bjó í Boston þá missti ég af matarboðum, afmælum og fleiru en á sama tíma fékk maður betri stundir og meiri tíma þegar fjölskyldan kom í heimsókn eða ég heimsótti. Við fáum fjölskyldur og vini til okkar hingað á Djúpavog, allir gista, eru saman, borða morgunmat, hádegismat og kvöldmat saman í stað þess að hittast í klukkutíma matar-



Þó ekki sé mikið að gerast í tónlistinni núna eru Greta og Óðinn, kærastinn hennar, komin í hljómsveit á Djúpavogi. MYND/ANTON BJARNI ALFREDSSON

boði í bænum. Þetta er öðruvísi samvera, hún er sjaldnar en hún er meiri. Og svei mér þá ef hún verður ekki bara betri.“

FÓTBOLTINN GAF MIKIÐ

Á árunum 2009 til 2013 bjó Greta í Boston í Bandaríkjunum þar sem hún var í háskólanámi en hún fékk fullan styrk til námsins í gegnum fótoltann. „Óðinn bjó þar með mér síðustu tvö árin. Mér finnst það dýrmæt reynsla að hafa búið úti og kann betur að meta Ísland vegna þess. Mér finnst það svipað með búsetuna úti á landi, til að geta tekið upplýstar ákvarðanir um hvar maður vill búa verður maður að prófa sem flest.“

Greta þurfti að hætta í fótoltannum fyrr en hún hefði viljað en hún lenti í erfiðum meiðslum. „Ég sleit krossband og reif liðþófa þrisvar í framhaldinu, fór í fjórar aðgerðir á hné og var komin upp í fimm heilahristinga þegar ég ákvað að hætta. Þá var ég búin að fá fyrirmæli frá sérfræðingi um að ég mætti ekki fá annað högg og þurfti að spyrja mig hvort þetta væri þess virði. Ég tók því ákvörðun um að hætta á þeim tímamarki þar sem ég gat enn farið út að leika við börnin mín í framtíðinni, farið í fjallgöngur og jafnvel stundað einhverja líkamsrækt frekar en að klára mig alveg. Við urðum bikarmeistarar haustið sem ég hætti og ég var valin aftur í landsliðið þannig að ég var á góðum stað þegar ég hætti. Ég var óheppin en samt heppin því fótoltinn gaf mér svo ofsalega margt, vini fyrir lífstíð, ógleymanleg ferðalög um allan heim og kost á því að geta menntað mig.“

LÉT DRAUMA RÆTAST

Það er þó líf eftir fótoltann því Greta hefur haft í nógu að snúast síðan hún hætti. „Þegar ég hætti spurðu margir hvort ég væri ólétt eða væri að reyna að verða það. Ég svaraði þá að það væri nú margt annað sem 26 ára gömul kona gæti gert annað en að verða ólétt. Og það var enn margt sem mig langaði að gera áður en það tæki við. Til dæmis að taka þátt í undankeppni Eurovision sem ég gerði fljótlega eftir að ég hætti í boltanum. Svo fórum við Óðinn í bakpokaferðalag um Mið-Ameríku. Okkur hafði alltaf langað að gera það áður en við eignuðumst börn. Síðan eignuðumst við barn og lífið hélt líka áfram eftir það. Það virðist vera algengur misskilningur að fólki finnst það þurfa að gera allt áður en það eignast barn, eins og lífið endi þá. Það er ekki alveg þannig, það breytist en endar ekki.“

Máli sínu til stuðnings segir Greta þau hjónaleysin vera komin í hljómsveit á Djúpavogi. „Þetta er svolítið þannig hér á Djúpavogi, tækifærin eru óteljandi. Við fluttum og komum okkur inn í störfinn okkar, svo var ég allt í einu komin með þrektíma fyrir fullorðna, Óðinn í slökkvilið og við saman í hljómsveit. Hér er svo margt hægt að gera, mörg tækifæri og mér finnst svo dýrmætt að geta gripið þau,“ segir Greta ánægð.



Óðinn og Greta fluttu ásamt dóttur sinni Reginu á Djúpavog síðastliðið haust. Þar liður þeim vel og bæjarbúar hafa boðið þau velkomin.



Stolt við útskriftina úr háskóla með foreldrum sínum, Ástu B. Gunnlaugsdóttur og Samúel Erni Erlingssyni.

TÓNLISTIN FER EKKERT

Fyrir utan að vera komin í landsbyggðarhljómsveit segir Greta ekki mikið vera í gangi í tónlistinni hjá henni þessa stundina. „Við í SamSam gáfum út plötu og héldum útgáfutónleika þegar ég var komin þrjátíu vikur á leið. Það var svolítill hápunktur að ná plötunni og jafnvel fallægur endir, fjórir meðlimir hljómsveitarinnar eignuðust til dæmis börn síðasta árið og nóg að gera í öðrum verkefnum.“

En tónlistin hættir ekkert, ég hef haldið mér við þó ég hafi ekki gefið neitt út síðan ég kom hingað á Djúpavog. Þetta er svolítið breytt núna, ég er meira í því að syngja vögguvísur á kvöldin. Svo

syng ég í einstaka brúðkaupum, mér finnst það með því skemmtilegra því þar er svo mikil gleði.“

ÓÁKVEÐIN FRAMTÍÐ

Greta segir aðspurð um framtíðina að hún sé ekki mikið plönuð. „Við tókum ákvörðun um að flytja hingað og gefa okkur allavega ár. Að sama skapi hefðum við ekki tekið svona langt nema til þess að vera hér í svolitinn tíma. Það er í raun bara ekkert plan hjá okkur. Við erum almennt ekki á neinni hraðferð í lífinu. Núna er ég bara hér og líður vel og hér vil ég vera áfram á meðan mér líður þannig,“ segir hún og brosir sínu bjarta brosi. liljabjork@365.is

Komdu í Kung Fu og kínversku



Sumar-námskeið fyrir börn og unglinga

IR Frístunda kortið

HEILSU DREKINN

Þú finnur okkur á Facebook

Í samstafi við kínverskan íþróttaháskóla | Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Indverskar grænmetisbollur

með döðlumauki og jóguurtsósu

SÍÐASTI SÉNS

Er taskan tilbúin?

Flug og hótél
í 1 viku frá
29.599,-
á mann



Atak Apart **oo**

Alanya - Tyrklandi

Atak Apart er staðsett í Alanya á tyrknesku Rívíerunni en mörgum finnst þetta vera hin fullkomna paradís fyrir sumarfríð. Samblanda af fallegum ströndum, líflegu hafnarsvæði, verslunarmöguleikum, yndislegri náttúru og heillandi sögu laðar að þúsundir ferðamanna hvert einasta sumar.

- 15.júní 2016 frá Keflavík Verð í viku frá **29 599,-**
- 29.júní 2016 frá Keflavík Verð í viku frá **35 599,-**
- 6.júlí 2016 frá Keflavík Verð í viku frá **59 599,-**



Pegasos World **ooooo**

Side - Tyrklandi

Vinsælasta hótél Nazars! Hér færðu risastóran vatnsskemmtigarð, stærstu sundlaug Miðjarðarhafsins sem er 10 000 m², gyllta strönd, nýuppgerð herbergi fyrir allt að fimm manns, bragðgott „allt innifalið“ prógram og Nazars eigin barnaklúbba – og allt er þetta innifalið í verðinu!

- 15.júní 2016 frá Keflavík Allt innifalið í viku frá **99 599,-**
- 29.júní 2016 frá Keflavík Allt innifalið í viku frá **99 599,-**
- 6.júlí 2016 frá Keflavík Allt innifalið í viku frá **105 599,-**

Ekki bíða með að bóka - takmarkaður fjöldi sæta!



World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

nazar

Matarmikil mexí-
kósk kjúklingasúpa.Girnilegt
morgun-boozt.

Girnilegt brownie.



BOOZT, SÚPA OG BROWNIES

Sjónvarpskokkurinn Eva Laufey Hermannsdóttir og ungu aðstoðarkokkarnir hennar í Það er leikur að elda, töfra fram frábært morgun-boozt, kjúklingasúpu og gómsætar brownies.



NJÓTTU LÍFSINS
ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ

comma,

f b comma.celand
Smáralind

Matargleði

Evu Laufeyjar
Hermannsdóttur



FRÁBÆRT MORGUN-BOOZT MEÐ HNETUSMJÖRI OG DÖDLUM

200 g vanilluskur
1 banani
4 dödlur
1 msk. gróft hnetusmjör
1/2 msk. chia-fræ eða önnur
fræ t.d. hörfræ
Appelsínusafi, magn eftir
smekk
Klakar

Setjið allt í blandarann og blandið þar til drykkurinn verður silkimjúk-
ur. Berið strax fram og njótið.

MEXÍKÓSK KJÚKLINGASÚPA

4 – 5 kjúklingabringur
1 rauð paprika
1 græn paprika
2 gulrætur
1/2 blaðlaukur
4 – 5 hvítlauksgeirar
1 laukur
1 grænt eða rautt chili, ég
gleymdi að kaupa
chili svo ég notaði 1
tsk. af þurrkuðum
chili-pípar
2 msk. olía
1 dós saxaðir
tómatar
1 1/2 – 2 teningar af
kjúklingakrafti
2 – 3 tsk. karrý
2 1/2 l vatn
1 peli rjómi
1/2 – 3/4 úr krukku af
Heinz chili-tómatsósu
100 – 150 g rjómaostur

Hitið olíu á pönnu við vægan hita, saxið grænmetið smátt og steikið í smástund á pönnunni, bara rétt til að fá smá gljáa.

Setjið grænmetið í stóran pott, bætið vatninu, chili-tómatsósunni, karrýinu, kjúklingateningum og söx-
uðum tómötum saman við, leyfið þessu að malla á meðan þið steikið kjúklinginn.

Skerið kjúklinginn í litla bita og steikið á pönnu upp úr olíu, kryddið með chili, salti og pípar. Bætið kjúklingnum við súpuna. Látið hana sjóða við vægan hita í 10 – 15 mín.

Að lokum fer rjóminn og rjóma-
osturinn saman við.

Takið ykkur góðan tíma til að laga súpuna, ég leyfði henni að malla við vægan hita í nærri 2 klukkustund-
ir en þess þarf auðvitað ekki. Látið hana þó malla í lágmark 30 mín. Bragðbætið súpuna að vild, gæti

verið að þið viljið meiri karrý eða meiri pípar. Mikilvægt að smakka sig til!

Berið súpuna fram með sýrðum rjóma, rifnum osti og nachos flög-
um, sem hver og einn bæti á sinn disk eftir smekk.

Matarmikil súpa sem hressir og kætir. Stundum sleppi ég því að setja rjóma og rjómaost, bæti þá við meiri grænmeti. En að mínu mati er hún betri með rjómanum, elsku rjómanum.

SNICKERS BROWNIES Brownies-uppskrift

150 g smjör
250 g súkkulaði t.d.
suðusúkkulaði
200 g sykur
2 stór egg
100 g hveiti
1 tsk. vanillusykur
2 msk. kakó

Karamellufylling

1 krukka Dulce de leche,
karamellusósa
5 góðar matskeiðar af
hnetusmjöri
1 dós sykurlúðakrem
100 g ristaðar kasjúhnetur

Súkkulaðikrem

250 g
mjólkursúkkulaði

Hitið ofninn í 170°C (blástur). Bræðið smjör við vægan hita, saxið súkkulaðið og bætið því við smjörinu og leyfið því að bráðna í smjörinu. Takið pottinn af hellunni og leyfið súkkulaðið að kólna.

Þeytið saman egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið vanillu, hveiti og kakói saman við og hræið þar til deigið er silkimjúkt. Í lokin hellið þið súkkulaðiþöndunni við og blandið vel saman.

Hellið deiginu í pappírsklætt form (20x20) og bakið við 170°C í 30 mínútur. Það er mjög mikilvægt að leyfa kökunni að kólna alveg í forminu.

Setjið öll hráefnin sem eiga að fara í karamellufyllinguna í pott við vægan hita og hræið mjög vel þar til fyllingin hefur blandast vel saman.

Hellið karamellufyllingunni ofan á súkkulaðiköku og kælið.

Bræðið mjólkursúkkulaði yfir vatnsbaði og hellið yfir kökuna í lokin. Kælið og þegar súkkulaðið er orðið hart þá er kakan tilbúin, skerið hana í bita og berið strax fram.





Lífsstíll

HEIÐARS AUSTMANN

Hvað borðar þú í morgunmat?

Ég reyni að fá mér harðsoðin egg á hverjum morgni en flesta morgna er það Létt ab mjólk, Weetabix og tvö harðsoðin egg. Á laugardögum fær maður sér hins vegar gott morgunkorn.

Uppskrift að góðri helgi

Vakna snemma með fjölskyldunni. Bruna í næsta bakarí og fá okkur góðan morgunmat. Kíkja í ræktina í stutta stund og síðan út með fjölskyldunni að gefa öndunum brauð, í göngutúr, hjóleiðatúr eða eitthvað sem tengist útivist. Fara síðan í heimsóknir og enda daginn heima þar sem einhverju gómsætu er skellt á grillið. Um kvöldið er síðan horft á einhverja skemmtilega mynd þar sem börnin fá yfirleitt að ráða. Einnig finnst mér bústaðarferðir og spilakvöld ótrúlega skemmtileg.

Hvernig tónlist hlustar þú á?

Ég er í raun og veru alæta á tónlist. Ég er gömul sál og hlusta mikið á gamla stöffið frá Eagles og Stevie Wonder. Svo er frábært að slaka á eftir langan dag með rólegri músík. Í raun og veru er gott lag alltaf gott lag sama hvort það er rokk, popp, kántrí eða hvað.

Hvað ertu að lesa?

Í augnablikinu er ég einbeittur á EM og það eina sem ég les er eitthvað tengt mótinu. Ég er að lesa „bókina“ sem KSÍ gaf út fyrir Evrópumótið og inniheldur allar upplýsingar um liðin í keppninni, leikmenn og fróðleiksmola.

Hvernig verður sumarfríð?

Sumarfríð verður stórskemmtilegt. Við fjölskyldan keyptum okkur tjaldvagn undir lok síðasta sumars og ætlum að nota hann eins mikið og mögulegt er. Einnig erum við á leiðinni í fjölskylduferð til Spánar í júlí og tilhlökkunin er mikil. Annars er stefnan að njóta sumarsins í botn og vera eins mikið úti og maður getur. Fótþolti og golf gæti mögulega komið eitthvað við sögu.

Upphaldsmaturinn þinn?

Það er fátt sem toppar lambalæri hjá tengdó. Heimalöguð pitsa með krökkunum, buff með brúnni sósu og lauk à la pabbi og svo er ég einstaklega veikur fyrir góðum rifjum. Verslunarmannahelgarhumar (ef það er orð) eldastur af mági mínum er líka eitthvað sem ég hlakka til að borða á hverju einasta ári.

HEIÐAR AUSTMANN MUN HALDA UPPÍ STEMMINGUNNI Í GAMLA KAUPFÉLAGINU Á AKRANESI ANNAÐ KVÖLD.

LJÚFFENGUR OG SVALANDI JÓGÚRTÍS

Nú fer sumarið alveg að bresta á fyrir alvöru og þegar það gerist er gott að eiga eitthvað gómsætt í frystinum til þess að kæla sig niður. Frosinn jógúrtís er tilvalinn til að gæða sér á á heitum sumardögum og ekki skemmir fyrir að hann er í hollari kantinum.

Hér eru tvær uppskriftir að jógúrtís en auðvelt er að skipta út hráefnum og setja sitt eftirlæti í staðinn.



Bláberja jógúrtís fyrir 4

450 g frosin jarðarber
½ bolli grísk jógúrt
¼ bolli hunang
1 msk. ferskur sítrónusafi

Setjið allt saman í blandara og blandið þar til orðið mjúkt. Hellið í form sem má fara í frysti, lokið og látið vera inni í frysti í minnst fjóra tíma eða yfir nótt.

Bananahnetusmjörs jógúrtís fyrir 4

2 stórir frosnir bananar
240 ml grísk jógúrt
2 msk. niðursoðin mjólk (sweetened condensed milk)
2 msk. hnetusmjör
Klípa af salti
4 hafrakex

Setjið banana, jógúrt, mjólk, hnetusmjör og salt í blandara og blandið þar til mjúkt. Myljið kexið vel og blandið út í. Setjið í frysti í nokkra klukkutíma. Leyfið ísnum að þiðna örllítið áður en hann er borinn fram.



Augnheilbrigði

Þurr augu?



Tvöföld virkni
Sex sinnum lengri ending

Nýtt

án rotvarnarefna



TREHALÓSI

Finnst í mörgum jurtum og hjálpar þeim að þrífast við þurrar aðstæður. Trehalósi verndar frumurnar og gerir þeim kleift að starfa með fullum afköstum.



HÝALÚRONSÝRA

Er að finna í augunum og hefur einstaka getu til að binda vatn. Hjálpar til við að smyrja og viðhalda táravökvanum á yfirborði augans.

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar. Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

provision

Fæst í öllum helstu apótekum.

HINN EINI RÉTTI MORGUNVERÐUR

Skál með blönduðum ávöxtum, haframjöl, réttu hlutfalli af fitu og prótíni auk smávegis af gleði er góð byrjun á deginum, eftir því sem bandarískur næringarfræðingur segir. Staðgóður morgunmatur lætur fólki líða vel.

Um helgar gerir fólk frekar vel við sig í morgunverði en á virkum dögum. Fær sér jafnvel Bloody Mary eða Mímósu. Á vinnudögum kýs fólk hins vegar eitthvað seðjandi en fljótlagað. Einn valkostur er haframjöl, hnetur og ávextir auk smávegis af jógúrt, bendir dr. Walter Willett, næringarfræðingur við Harvard háskóla, fólk á í viðtali við tímaritið Time. „Það er góður og hollur morgunverður sem tekur stutta stund að laga.“

Ýmis ber eru tilvalin í stað annarra ávaxta út á jógúrtina eða hafragrautinn. Maður ætti reyndar alltaf að hafa ber við höndina, svo holl eru þau. Rannsóknir benda til þess að bláber, brómber og hindber verndi líkamann gegn hjarta- og æðasjúkdómum og jafnvel sumum tegundum krabbameins, til dæmis brjóstakrabbameini. Best er að borða ber ásamt trefjum, til dæmis með því að setja þau út í hafragraut. Heilkorn er afar gott fyrir heilsuna og hefur verndandi áhrif, meðal annars gegn sykursýki. „Það er samt

ekki nægjanlegt að fara út í búð og kaupa heilhveitibrauð. Velja þarf hollt og gott heilkorna brauð,“ segir Willett.

„Margar tegundir af brauði innihalda mikið unnið korn,“ segir dr. David Ludwig, samstarfsmaður Willet í Harvard. Hann gaf út bókina Always Hungry, eða Alltaf svöng. Bókin eyðir margvíslegum fullyrðingum sem fólk hefur um mataræði og þyngd. Ludwig hefur lengi verið í fararbroddi í rannsóknum á stjórn þyngdar. Hann leggur mikla áherslu á feit matvæli og ráðleggur fólki að borða hnetur, lárperur og dökkt súkkulaði.

Ludwig segir að fólk sem borðar ristað brauð á morgnana ætti að kaupa grófkorna eða heilkorna brauð. Gott brauð, ber og heilbrigð fita eða prótín heldur fólki söddu til hádegis. Grísk jógúrt er ákjósanlegur morgunverður. „Fólk þarf að minnka við sig sykraðar mjólkurafurðir,“ segir hann. Ludwig segir að hnetur og fræ



Hafragrautur með berjum er góður morgunverður.



Morgunverðurinn er mikilvægasta máltíð dagsins er oft sagt. Betra er þá að vanda til hans.

séu góður valkostur fyrir heilsuna. Sama má segja um reyktan lax, en velja ætti hann sem álegg á brauðið á morgnana. Þá eru egg mjög góður kostur. Egg eru járn-

rík og draga úr hungri. Fólk þarf ekki að hræðast kólesteról í eggjum. Kaffi má vel drekka, það er ekki jafn óhollt og áður var talið. Kaffi getur meira að segja haft

góð áhrif gegn heilabilun. Annar sérfræðingur, dr. Eliseo Guallar, segir að fólk ætti alltaf að forðast sykurlax og óholl aukefni. Margir taka undir þau orð.

LINDBERG

Í samstarfi við
Lindberg
síðan 1992

ÁFRAM
Ísland

Optical Studio
SMÁRALIND · LEIFSSTÖÐ · KEFLAVÍK

Sundlaugar & jarðböð

17. júní 2016

KYNNINGARBLAÐ



Með fenix 3 sameinast glæsileg hönnun og fjölnota GPS snjallúr.

Íþrótta- og útvistarfólk þarf ekki lengur að velja á milli – fenix 3 er bæði fullkomið íþróttaúr, útvistarúr, snjallúr og úr sem þú notar daglega í vinnu og leik. Þú getur einnig sérsniðið úrið að þínum þörfum með mismunandi upplýsingagluggum, forritum eða úraskífu með Connect IQ appinu frá Garmin.


GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGI 577-6000 WWW.GARMIN.IS




GARMIN®

fenix3

Syndir fimm sinnum í viku

Björk Þorgeirsdóttir, kennari við Kvennaskólann, hefur mætt samviskusamlega í sundleikfimi síðustu tólf ár með Gullmolunum í Breiðholti. Þess utan nýtir hún hvert tækifæri sem gefst til að synda og nýtir tímann í laugunum á landsbyggðinni í sumarfríum meðan eiginmaðurinn spilar golf.

„Ef mikið er að gera og ég orðin yfirstressuð er það besta sem ég geri að fara í sund. Á sundi næ ég einhvers konar jafnvægi og er búin að kortleggja allt þegar ég kem upp úr, pollróleg. Sund hefur heilunaráhrif,“ segir Björk Þorgeirsdóttir, kennari við Kvennaskólann og sundgarpur.

Björk notar hvert tækifæri sem gefst til að bregða sér í laugarnar og segir varla mega á milli sjá hvort hún eyði meiri tíma í vatni eða á þurru landi. „Sund hefur verið stór hluti af mínu lífi alveg frá því ég var barn og foreldrar mínir hafa farið áratugum saman daglega í sund.“

Ég reyni að synda að minnsta kosti fimm sinnum í viku, skriðsund eða bringusund. Ég syndi 600 til 1.200 metra, eftir því hvað ég er í miklu stuði, fer svo í pottinn, gufuna og í sauna. Ég á reyndar eftir að prófa sjósund. Ég prófaði hins vegar samflot um daginn, sem er ólýsanleg tilfinning, ég kom alveg ný manneskja upp úr,“ segir Björk en fyrir utan sundferðirnar hefur hún einnig mætt samviskusamlega tvisvar í viku síðustu tólf ár í Breiðholti, í sundleikfimi.

Dásamlegur félagskapur

„Það var engin líkamsræktaraðstaða í Breiðholti þegar ég rakst á auglýsingu um sundleikfimi hjá Brynjólfi Björnssyni í Syndasel-

„Sund hefur verið stór hluti af mínu lífi alveg frá því ég var barn og foreldrar mínir hafa farið áratugum saman daglega í sund. Ég reyni að synda að minnsta kosti fimm sinnum í viku, skriðsund eða bringusund.“

Björk Þorgeirsdóttir

um og ég skráði mig. Þetta eru svipaðar æfingar og gerðar eru hjá sjúkrahjálfa, teygjur og fleira og ég held mér góðri með þessu. En ég mæti ekki síður fyrir félagskapinn. Þessi hópur hefur haldist nánast óbreyttur öll þessi ár en aldursbilið spannar frá fertugu og upp í sjötugt,“ segir Björk en hópurinn kallar sig Gullmolana.

„Þetta er alveg dásamlegt. Við komum úr öllum áttum, einhverjar þekktust áður en alls ekki allir. Í hópnum eru drifandi karakter-

ar sem standa fyrir þorablótum ofan í lauginni, jólaglöggi og svo fer hópurinn út að borða, eða pantar mat heim í lok tímabilsins. Það er biðlisti í þennan hóp ef einhver dettur einhverra hluta vegna út,“ segir Björk.

Eru þetta allt saman konur? „Það er einn karl í hópnum, aðrir hafa gefist upp,“ segir hún spök. „En þessi eini er þarna með konunni sinni. Við hinar höfum hann reyndar grunaðan um að vilja ekki fleiri karla í hópinn.“

Laugin á Hofsósi frábær

Björk er einnig dugleg við að þræða sundlaugarnar á ferðalögum um landið og segir það fyrsta sem hún geri þegar þau hjónin stoppi einhvers staðar sé að leita uppi sundlaug. „Hann fer í golf og ég fer í sund, og er lengi. Ég hef heimsótt margar laugar um allt land en ef ég á að nefna einhverja uppáhalds er sú á Hofsósi frábær.“ heida@365.is



Björk Þorgeirsdóttir kennari er einn Gullmolanna sem stunda sundleikfimi í Breiðholti. Hún syndir hvenær sem tækifæri gefst og segir sundferð besta meðalið við stressi. MYND/HANNA

Frábær sundaðstaða eftir endurbætur

Salalaug er önnur af tveimur sundlaugum í Kópavogi. Hún er staðsett að Versölum 3. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsakynnum laugarinnar undanfarið. Í Salalaug er bæði úti- og innilaug, rennibraut og heitir pottar. Ný leiktæki og sundleikföng eru fyrir börnin.

Guðmundur Halldórsson, forstöðumaður Salalaugar, segir að miklar endurbætur hafi farið fram á húsnæðinu undanfarið. „Búið er að taka inniklefana í gegn, meðal annars var skipt um gólfefni og loftplötur. Sömuleiðis er búið að gera upp útiklefana sem eru núna eins og nýir. Gufubaðið var endurnýjað í vor, glæsilegir bekkir hafa verið settir upp og nýjar flísar á gólfi og veggjum,“ segir hann en Salalaug var opnuð árið 2005.

Kópavogsbær hefur staðið fyrir verkefninu Skemmtilegri sundlaugar að undanförunni og af því tilefni hafa verið margvíslegar uppákomur í Salalaug. „Við höfum verið með samflot reglulega í vetur, sundjoga með lifandi tónlist og kertaljósom sem hefur verið gríðarlega vinsælt. Sömuleiðis höfum við boðið upp á sundjoga og samflot saman en þá myndast röð hér út úr dyrum. Við munum reyna að halda áfram með skemmtilega viðburði næsta vetur. Sundleikfimi er tvisvar í viku allt árið nema á meðan á sumarleyfi stendur. Mörgum finnst mjög gott að stunda leikfimi í vatni, líkaminn verður léttari og mýkri. Þetta hentar sérstaklega vel fyrir þá sem eru með stirðleika í liðum,“ segir Guðmundur.

Boðið verður upp á enn meiri hreyfingu í Salalaug í haust þegar Reebok Fitness opnar þar. „Fyrirtækið hefur gert samning við Kópavogsbær um að setja upp líkamsræktarstöðvar í báðum laugum bæjarins og verður opnað 1. október. Þess má geta að núna í júní stendur yfir frábært tilboð frá Reebok Fitness. Kortið gildir til 1. október 2017 en fram að opnun í laugum



Kaldur pottur er hressandi.



Skemmtileg rennibraut er í Salalaug. Á næstunni verður bætt við leiktækjum og sundleikföngum.



Í Salalaug er góð aðstaða bæði úti og inni. MYNDIR/JÓHANN WAAGE

Kópavogs gildir kortið í áðrar stöðvar Reebok Fitness og í sundlaugarnar. Tilboðsverðið er 39.900 krónur.“

Salalaug hentar öllum aldri. Á næstunni verður bætt við sundleikföngum og leiktækjum við laugina, börnum til mikillar

ánægju. „Við leggjum áherslu á snyrtilegt og hreint umhverfi og að gestum okkar líði vel. Starfsfólkið tekur á móti öllum með bros á vör. Við erum stolt af því að bjóða mjög góða aðstöðu fyrir allan aldur,“ segir Guðmundur.

Salalaug er opin alla daga en opnunartími í sumar er:
Virkir dagar frá 6.30-22.00
Helgar frá 8.00-20.00
Opið er í Salalaug í dag, 17. júní, frá 10.00-18.00

SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN



- VERIÐ VELKOMIN Í MÝVATNSSVEIT -

www.jardbodin.is · sími 464 4411 · info@jardbodin.is

Flotið undir stjörnubjörtum himni

Unnur Valdís Kristjánsdóttir er hönnuður flothettunnar sem hefur slegið í gegn hér á landi. Samflot, þegar margir fljóta saman, er orðið mjög vinsælt í sundlaugum landsins. Flothetta og fótaflot er staðalbúnaður þeirra sem láta sig fljóta og bæta þannig heilsuna.

Þegar Unnur hannaði flothettuna var hún um leið að innleiða nýja siði og slökunaráherslu í baðmenningu landsmanna. Þegar hún er spurð hvað flothetta sé í raun, svarar hún: „Flothetta er íslensk hönnun, gerð til að upplifa vellíðan í vatni, losa um streitu og eiga nærandi stund í kyrrð. Flothettan varð til út frá hugleiðingum mínum um að vinna með eitthvað sér-íslenskt, sem að mínu mati er til dæmis sund- og baðmenning þjóðarinnar. Sem Íslendingur og daglegur gestur sund- og baðstaða fannst mér borðleggjandi að tengja saman vatnið og slökun í áhugaverðu og heilsuþætandi hönnunarverkefni,“ segir Unnur. „Vörulínan samanstendur af flotettu og fótafloti, hönnuðu til að veita líkamanum fullkominn flotstuðning í vatni.“



” Mér fannst borðleggjandi að tengja saman vatnið og slökun í heilsuþætandi hönnunarverkefni.

Unnur Valdís Kristjánsdóttir

Slökun og vellíðan

Sundlaugarnar hafa auglýst samflot en Unnur segir að það sé hugsað sem vettvangur fyrir fólk að koma saman og upplifa nærandi slökunarstund í þyngdarleysi. „Rannsóknir sýna að við það eitt að sleppa tökum og leyfa sér að fljóta eiga ákveðin efnaskipti sér stað. Streituvalandi efni, líkt og adrenalín og kortísól, víkja fyrir vellíðunarhormónunum endorfíni og beta endorfíni sem er verkjastillandi. Þægilega umlukin vatni hægir á huganum, heilahvelin samstillast og dýpra stigi slökunar næst. Að fljóta gefur frelsi frá öllu utan-

aðkomandi áreiti. Það býr til aðstæður fyrir djúpslökun og jafnvægi. Við þessar aðstæður skapast rúm fyrir líkamann til að fínstilla sinn innri takt og njóta vellíðunar sem og heilsuþætandi áhrifa slökunar. Þegar þyngdarafliinu sleppir frelsast þeir hlutar líkamans sem bera mesta þungann. Þetta eru miðtaugakerfið, vöðvarnir og hryggsúlan. Fljótandi slökun nær til okkar dýpstu vöðva sem þýðir að hún dregur úr verkjum og bólgu í liðum, baki, hálsi og flýtir fyrir bata til dæmis eftir tognun.“



Í samstarfi við Jógasetrið hefur Unnur boðið upp á samflot fyrir barnshafandi konur sem kallast Bumbuflot. MYND/VILHELM

Finstilltur líkami

Unnur segir að flot hafi verið stundað um allan heim í saltvatni í svokölluðum flottönkum. „Hugmyndin á uppruna sinn í Bandaríkjunum en þar byrjuðu menn að þróa þessa slökunaraðferð upp úr 1950. Flottankar eru ekki mjög aðgengilegir og frekar dýrt sport, því má



segja að flothettan sé svona íslensk alþýðuútgáfa sem gerir okkur kleift að stunda fljótandi slökun með frekar litlum kostnaði í okkar frábæru laugum. Það hefur verið mikill áhugi á þessu sporti enda hafa rannsóknir sýnt fram á góð áhrif slökunar í vatni. Þetta er fullkominn hvíld og endurnæring fyrir líkama og sál. Allir geta stundað flot. Fólk losnar við streitu. Flotið

er til dæmis frábært fyrir barnshafandi konur og þá sem eru með stoðkerfisvandamál og verki. Líkaminn er í eðli sínu alveg fullkominn og með því að gefa honum stund í næði og kyrrð hefur hann tök á að næra og heila það sem þarf. Tökum frá tíma og rými til að gefa honum færi á því að hvílast og fínstilla sinn takt. Svo má ekki gleyma því að hafa gaman af þessu í leiðinni, það getur verið stórkostlega skemmtilegt að fljóta undir dansandi skýjum eða stjörnubjörtum himni. Þetta á líka að vera skemmtilegt.“ elin@365.is

Rennibrautirnar eru vinsælastar

Sundlaug Kópavogs er einkar fjölskylduvæn laug þar sem fólk á öllum aldri getur notið þess að synda, leika sér og slaka á. Rennibrautirnar, sem eru af mörgum gerðum, eru eitt aðalaðdráttarafi laugarinnar og njóta sérstakrar hylli meðal yngri gesta laugarinnar.

„Sundlaug Kópavogs á sér langa sögu en hún var upphaflega byggð árið 1967. Hún var stækkuð árið 1991 og endurbýggð að stórum hluta árið 2008 þegar bættust við innilaugar, nokkrir pottar, gufubað og rennibrautir,“ segir Jakob Þorsteinsson, forstöðumaður Sundlaugar Kópavogs, en í dag standa engar af upprunalegum byggingum laugarinnar.

Hann segir laugarplássid það næststærsta á landinu. Þar er að finna 50 metra útilaug, tvær innilaugar, önnur er 25 metra löng og hin tíu metra löng sem notuð er til kennslu. „Sú laug er líka mjög vinsæl meðal fjölskyldna með ung börn enda er hún bæði grunn og örugg og þar eru oft og tíðum skemmtileg flotleikföng,“ lýsir Jakob.

Á sundlaugarsvæðinu eru einnig átta pottar, þar af einn kaldur pottur sem nýbúið er að setja upp. Þá er þar að finna fjórar rennibrautir, misháar. Tvær fimm metra, eina þriggja metra og ein er lítil og fyrir allra yngstu krakkana. Jakob segir fjölskyldufólk sækja mikið í Sundlaug Kópavogs enda margt í boði sem laðar gesti að. Til dæmis séu margir hrifnir af heita pottinum sem liggja samhliða vaðlauginni þannig að foreldrar geta fylgst með stálpuðum börnum sínum að leik.

Nýir búningasklefnir voru byggðir árið 2008. „Við erum með sex búningasklefa, þrjá fyrir hvort kyn, bæði útiklefa og inniklefa.“

Vinsældir Sundlaugar Kópavogs eru miklar enda koma um 500 þúsund gestir í laugina ár hvert. „Við erum vel í sveit sett. Erum þægi-




Sundlaug Kópavogs var mikið endurnýjuð árið 2008.

” Við erum vel í sveit sett. Erum þægilega nærri Kringlumýrabrautinni og margir af okkar fastagestum eru ekki endilega Kópavogsbúar heldur eiga hér leið um til og frá vinnu.

Jakob Þorsteinsson

lega nærri Kringlumýrabrautinni og margir af okkar fastagestum eru ekki endilega Kópavogsbúar heldur eiga hér leið um til og frá vinnu,“ upplýsir Jakob. „Mjög breiður hópur sækir okkur heim þó fjölskyldufólk sé áberandi. Þá eru Íslendingar í meirihluta gesta okkar þó við finnum vissulega fyrir fjölgun ferðamanna.“

Líkamsrækt hefur lengi verið rekin í kjallara hússins. „Hún er lokuð sem stendur en verður opnuð aftur í haust ný og endurbætt með glænýjum tækjum,“ segir Jakob og býður alla velkomna í Sundlaug Kópavogs.



Rennibrautirnar eru margvíslegar og stórskemmtilegar.



Bæði ungrir sem aldnir hafa gaman af góðum bunum.

Laugarnar í Reykjavík

Skelltu þér í lauginna eftir leikinn



fyrir alla
fjölskylduna

í þínu
hverfi

Frá
morgni
til kvölds

DÖKKUR, DJARFUR OG DÚLÚÐUGUR

Tónlistarhátíðin Secret Solstice hófst í gær. Meðal þeirra sem koma fram er plötusnúðurinn **BenSöl**, Benedikt Sölvi Stefánsson, sem klæðist helst dimmum og djörfum klæðnaði sem um leið er einfaldur og þægilegur.

Plötusnúðurinn og tölvunörðurinn Benedikt Sölvi Stefánsson, best þekktur sem BenSöl, kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sem hófst í Laugardal í dag. Dagsdaglega starfar hann sem IBM-sérfræðingur hjá Nýherja og samtvinnar þannig ástríðurnar tvær í lífi sínu; tölvur og tónlist enda spilar hann að eigin sögn tölvutónlist.

Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?

Í dag er hann mjög dimmur og skemmtistaða óríntaður. Enda hef ég verið í þeim bransa í mörg ár. Dökkur, djarfur og dulúður. Hversdags klæðnaðurinn minn er kannski meira „casual street“ tíska og samanstendur yfirleitt af þröngum gallabuxum, einföldum bol, strigaskóm og léttum jakka eða hettupeysu. Einfaldara og þægilegra verður það varla.

Hvenær fékkstu áhuga á tísku?

Ég hafði eiginlega aldrei sérstakan áhuga á tísku áður fyrr. Þegar ég var yngri reyndi ég að skera mig úr og vera með svona attitude í fatnaði. Þegar ég eldist breyttist það og ég fór að velja fót sem mér leið vel í og sýndu persónuleika minn betur. Stærstur hluti fataskápsins er svartur og hefur dökknað með hverju árinu. Að undanskildum sokkum og nærbuxum sem ég leyfi að vera mjög skræppóttum í staðinn til að halda jafnvægi.



Í hermannaajakka frá Hugo Boss og Stacy Adams skóm.

Hvernig tengist tísku- og tónlistaráhuginn?

Manni verður að líða vel í skónum þegar maður stappar, dansar og hoppar upp á sviði eða úti á dansgólfi. Því verða þægindi og útlit að að fara saman. Fötin þurfa því að vera frekar létt vegna hitans og svitans sem fylgir starfinu. Dökk-



Í leðurjakka frá SUIT, Selected gallabuxum og með Gucci sólgleraugu. MYND/EYÞÓR

ir litir meika líka bara meira sens af svo mörgum ástæðum og því leitar undirmeðvitundin beint í þá þegar kemur að fatavali.

Hvernig fylgist þú helst með tískunni?

Það er helst að fara út og skoða hvað aðrir eru að gera og horfa á myndbandsupptökur af tónleikum, skemmtistöðum og festivölum. Maður verður samt að passa sig að festa sig ekki allt of mikið í straumum á Íslandi heldur reyna að sjá heildina og hvað er að gerast alls staðar. Reyna líka að búa til sinn perónulega stíl og ekki bara elta alla hina blindandi.

Áttu þér uppáhaldsverslanir hér heima og erlendis?

GK Reykjavík, Jör, Húrra, Ink-law og Boss koma svona fyrst upp í hugann hér heima. Ég reyni þó helst að kaupa fót erlendis og þá helst í random búðum. Ef maður fjárfestir í flottri flík þá vill maður helst ekki sjá hálfan bæinn í sömu flík. Ég reyni eins og ég get að halda mig frá ofurdýru hátísku-húsunum. Miklu skemmtilegra er að grafa og grúska þangað til einhver flík kallar til manns úr ólíklegustu búðum. Ein slík er t.d. BAM í Berlín, sem var svona mín leynibúð, en greinilega ekki mikið lengur.

Uppáhaldshönnuðir þínir?

Alexander Kirchner, Kristjana S. Williams, JÖR, Ziska og Ink-law koma svona fyrst upp í hugann af þeim íslensku. Suit merkið hefur verið sterkt hjá mér í smá stund og ShoeTheBear þó svo þeir hafi afar stutt lífskeið sem er synd. Bossinn leynir stundum á sér og er



Í hettupeysu og bolm frá Boom Bat.

yfirleitt til í miklu meira úrval úti en heima, sem hefur sína kosti og galla.

Áttu þér uppáhaldsflík?

Um þessar mundir eru það sennilega hettupeysa sem ég keypti í BAM í Berlín og svarti Suit leðurjakkinn minn.

Getur þú nefnt dæmi um bestu kaup þín?

Það er Boss hermannaajakinn minn. Það urðu næstum vinslit yfir þessum jakka því aðeins einn var til í versluninni. Raunar tapaði ég áhlaupinu að honum en sem betur fer passaði hann ekki á félagann sem gerði sigurinn sætari. *Notar þú einhverja fylgihluti?* Ég gekk í gegnum alls konar tímabil með fylgihluti, eins og úr, hringi, úlniðsbönd og hálsmen af öllum sortum. Einhvern veginn óx maður upp úr því og hef ég verið nakin af öllu slíku í langan tíma.

Nýlega var mér gefið fallett gamaldags úr sem ég er afar ánægður með og nota daglega. Þó svo að úr séu löngu orðin óþörf með komu snjallsímanna þá er það eitthvað sem ennþá heillar við að vera með flott úr. Einnig er ég mjög hrifinn af klassískum flottum sólgleraugum og fjárfesti nýlega í einum frá Gucci sem eru í miklu uppáhaldi. *Hvað er helst að gerast í tónlistinni hjá þér í sumar?*

Það er nóg að gerast í tónlistinni í sumar. Þar má helst nefna Secret Solstice sem ég er að spila á ásamt plötusnúðagenginu mínu Træangular. Einnig verð ég að spila í allskonar uppákomum og eftirpartíum tengdum hátíðinni. Ég á líka mín reglulegu kvöld á stöðum eins og Kaffibarnum og Paloma og svo er ýmislegt fleira í pípunum. Það er nóg að gera og danstónlistin hefur aldrei verið sterkari en nú.

bionette
Nasal Allergy Treatment

LAUS VIÐ HNERRANN MEÐ OFNÆMISLJÓSI

Lyfjalaus meðferð Auðvelt í notkun
Klínískt prófað Létt og meðfærilegt
Án þekktra aukaverkana Hentar 6 ára og eldri

Bólqueyðandi ljósmeðferð gegn einkennum ofnæmiskvefs

BioNette er hentugt tæki sem notar ljóstækni til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs s.s. hnerra, kláða, höfuðverk, nefrennsli, nefstíflu og tárbotum augum.

Bionette hentar vel gegn ofnæmiskvefi af völdum:

- Frjókorna úr trjám, grasi, illgresi og blómum
- Myglu
- Gróa frá plöntum
- Ryks
- Rykmaura
- Dýra
- Annarra loftborinna ofnæmiskvefa



Fæst í apótekum

Sölustaði má finna á
facebook.com/bionetteisland

Umboðsaðili,
Williams & Halls

Ljósinu er stungið upp í nasirnar, kveikt á því og haft þangað til það slokknar (um 4 mín). Má nota tvisvar til þrisvar á dag við upphaf einkenna. Síðan eftir þörfum þegar einkenni hafa lagast.



Gleðilegan þjóðhátíðardag!

Bókabúð Máls og menningar og
kaffihúsið á efri hæðinni
eru opin í dag frá kl 10-22 - verið velkomin.



**BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



NÝTT HÚS Á AÐEINS 1.990P.!!!


Glænýtt hjólhýsi á kynningarverði aðeins 1.990p. NIEWIADOW N126 m/ klósetti. Truma miðstöð, ísskápur o.fl. Aðeins 2 stk. eftir til sýnis og sölu hjá Bílalíf bílasölu, Kletthálsi 2, s.562-1717. Rnr.352458.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespuar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



GLEÐILEGAN...

'15 M.BENZ ML250 BLUETEC. EK 56P, DÍSEL, SJÁLFSK 7 GÍRA. STOLT ÞJÓÐARINNAR...ÁSETT 9.780 PÚS. #451233....S: 695 2015



...17. JÚNÍ...

'13 BMW X5 3,0D XDRIVE. EK 49P, DÍSEL, SJÁLFSK 8 GÍRA. TENGDAÖMMUBOX Í FÁNALITUM GETUR FYLGT. ÁSETT 10.380 PÚS. #451136....S: 695 2015



...KÆRU ÍSLENDINGAR!!!

'14 LAND ROVER DISCOVERY SE. EK 26P, DÍSEL, SJÁLFSK 8 GÍRA. FYRRV. FORSETAÐILL JÓNS SIGURÐSSONAR J ÁSETT 10.980 PÚS. #451443....S: 695 2015

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hópferðabílar



Til sölu 17 manna Bens Sprinter Mantra 4x4 árgerð 2006 ek. 420 þús. (70 þús á vél). Kerra fylgir og einnig er hugsanleg vinna á bílinn í sumar. Nánari uppl. í s. 699-3219, Óskar.

Fellihýsi

VÍKURVERK NOTAÐIR VAGNAR



Flug



TF-PIA, SEM ER PIPER CHEROKEE PA 28 161 ÁRGERÐ 1980 ER TIL SÖLU.

Vélin er nýkomin úr ársskoðun og er í fullkomnu lagi. Búið er að fljúga vélinni ca 4600 tíma frá upphafi. Skipt var um mótör fyrir stuttu og eru ca. 2000 tímar eftir. Vélin getur verið útbúinn til IFR flugs, öll tækin fylgja. Óskað er eftir tilboðum í vélinna.

Upplýsingar gefa Reynir í síma 863400 og Jörgen í síma 8929204. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á jak@jako.is

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Of. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn Þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

GARÐAUMSJÓN

Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Ahlíða málningarþjónusta. Upplýsingar í síma 776-0000

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Ertu komin með appið í símann ?

www.fasteignir.is

Húsviðhald

VIÐHALD
FASTEIGNA

Tímavinna
eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

Nudd

NUDD

Sjökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Sími 695 9434, Zanna.

KEYPT
& SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr.
Spörum gjaldeyri. Heiðarleg
viðskipti. Aðeins í verzlun okkar
Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til Elli/
Öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35.
- S. 552 7095.

HEILSA

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pör, konur og karla. S. 698 8301 www.
tantratemple.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU 285 FM
IDNAÐARBIL Í REYKJAVÍK

285 fm bil með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir
í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í
GARÐABÆ

Til leigu 18 fm skrifstofuherbergi í
Garðabæ. Hentar vel fyrir grafískan
hönnuð. Internet innifalið og
aðgangur að eldhúsi/kaffistofu.
Allar fyrirsurnir sendist á: agusta@
backman.is

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOÐ

á geymsluhlássi. Sækjum og sendum.
geymslulausnir.is s:615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2.
Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 25%
afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði

BÍLAPVOTTUR

Öflug bílaleiga með aðsetur í
reykjavík og við keflvíkurflugvöll
eftir að ráða röska starfsmenn í
bílapvott.

Umsóknir óskast sendar á
andrew@procar.is

Atvinna óskast

PROVENTUS
STARFSMANNAPJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til
fjölbreytilegra starfa um lengri
eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma
775-7373 eða sendið fyrirsurn
á netfangið
proventus@proventus.is

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Búslóðarsala 17-19. júní Laugavegi 52.
TV, Philips DVD, bækur, CD's, DVD's.
GSM: 6983895

Búslóðarsala 17-19. júní Laugavegi 52.
TV, Philips DVD, bækur, CD's, DVD's.
GSM: 6983895

Einkamál

SÍMADÖMUR 908 1666

Við erum mjög heitar, langar til að
heyra í þér. 100% trúnaður.



Vissir þú að...
börneiga rétt á
nægum sveti ni

til leigu

HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.

Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða,
næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða
á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO



Ábendingahnappinn
má finna á
www.barnaheill.is



S A F T

skemmtanir



EM í beinni!

Ísland - Ungverjaland

Laugardaginn 18. júní kl. 16:00

Cafe
Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



Hjómsveitin Klettur

Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla,
Björgvín Gísla og Siggí Árna
spila í kvöld.

Allir velkomnir



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

tilkynningar

Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar

Auglýst er eftir umsóknum um verðlaun úr sjóðnum. Ítarlegri auglýsingu og upplýsingar er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis: <http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjo-dir-og-eydublod/menningarmal/nr/6965>. Umsóknir skulu berast fyrir 1. september 2016.

Reykjavík, 16. júní 2016
Verðlaunanevnd Gjafar Jóns Sigurðssonar

styrkir



Verkefnastykir og ferða- og menntunastykir Myndstefs 2016

Myndstef auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyki og ferða- og menntunastyki á vegum samtakanna fyrir verkefni sem unnin eru á árinu 2016.

Rétt til þess að sækja um styrki Myndstefs hafa einstaklingar sem starfa sem myndhöfundar.

Sérstök umsóknareyðublöð eru á vef samtakanna www.myndstef.is og þar eru einnig nánar skilgreind þau atriði sem þurfa að koma fram í umsókninni ásamt reglum um úthlutun styrkjanna. **Umsóknarfrestur rennur út 16. ágúst 2016.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma fá ekki afgreiðslu. Tekið skal fram að pósthimpill gildir á innsendum umsóknum.

Umsóknir skulu berast til skrifstofu Myndstefs, Hafnarstræti 16, p.o. box 1187, 121 Reykjavík fyrir ofangreindan tíma.

Vakin er athygli á að þeir sem sent hafa inn umsóknir um styrki fyrir birtingu þessarar auglýsingar verða að endurnýja þær umsóknir.

Allar nánari upplýsingar gefur Ólöf Pálsdóttir á opnunartíma skrifstofunnar, 10:00 – 14:00 alla virka daga. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið myndstef@myndstef.is

Vakin er athygli á því að Myndstef áskilur sér rétt til að birta á heimasíðu sinni texta og myndir um viðkomandi verkefni í samráði við höfund þess.

Stjórn Myndstefs

atvinna



Waldorfskólinn Sólstafrinn auglýsir

Laust starf bekkjarkennara á yngsta stigi fyrir skólaárið 2016-2017.

Skólinn er sjálfstætt starfandi almennur grunnskóli sem starfar eftir aðferðafræði waldorfskólafestunnar.

Nánari uppl. á solstafir@waldorf.is

fasteignir



Húsafell



Glæsilegt tvílyft 103 fm heilsárshús ásamt 7 m geymslu

Húsið er við einkaveg sem liggur meðfram golfvöllinum

3000 fm eignarland v. Stuttárrjóður Þrjú svefnherbergi

Efra loft kjörið sem sjónvarpshol eða svefnrymi

Nánari upplýsingar veitir
Jón Rafn Valdimarsson
lögglittr fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **33,5 millj.**

FASTEIGNASALA N
MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, lögglittr fasteignasalar
- með þér alla leið -

GÓÐIR SUNNUDAGAR Á BYLGJUNNI

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ KL. 08:00 - 10:00
SPRENGISANDUR KL. 10:00 - 12:00

HLUSTADU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

SIÓNVARP BYLGJAN.IS BYLGJUAÐIÐ ÚTVARP

BYLGJAN 30 AKA
989

fasteignir

LUNDIR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616



17. JÚNÍ 2016
GLEÐILEGA HÁTÍÐ




LUNDIR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

ÁFRAM ÍSLAND - LIFUM OG NJÓTUM - ÁFRAM ÍSLAND

ÁFRAM ÍSLAND - LIFUM OG NJÓTUM - ÁFRAM ÍSLAND

www.lundur.is • lundur@lundur.is

Hjá okkur er alltaf opið hús – allan sólarhringinn



fasteignir.is á visir.is

SPORT

besta sætið



**ENDALAUST
NET
Á 1.000 KR.
FYLGIR SPORTPAKKA
365***

YFIR 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

Sportpakinn inniheldur: **Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.**

SPORT

Sportpakinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótbolti, körfubolti, ruðningur, bardagaíþróttir, handbolti, frjalsar og margt annað sem fær hjartað til að slá örur.

Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.

Lýkur eyðimerkurgöngu Mickelson?

Opna bandaríska meistaramótið í golfi, US Open, hófst á Oakmont-vellinum í Pennsylvaníu í gær. Helsti silfurmaður mótsins, Phil Mickelson, er bjartsýnn á að klára mótið að þessu sinni eftir að hafa lent sex sinnum í öðru sæti. Erfiðasti völlur heims, segir Mickelson.

GOLF Bandaríski kylfingurinn Phil Mickelson fagnaði 46 ára afmæli sínu í gær og hann vonast til að eiga góða afmælishelgi. Sú helgi á að enda með því að hann verði loksins meistari á US Open sem hófst í gær.

Ef Mickelson tekst að vinna mótið þá kemst hann í fámennan hóp manna sem hafa unnið öll fjögur risamótin í golfinu. Þeir sem það hafa gert eru Tiger Woods, Jack Nicklaus, Gene Sarazen, Ben Hogan og Gary Player.

Dreymir um að vinna þetta mót

Það er óhætt að segja að Mickelson hafi verið grátlega nálægt því að ná alslemmu golfsins. Hann er sannkallaður silfurmaður US Open enda hefur hann orðið í öðru sæti mótsins sex sinnum. Það var árin 1999, 2002, 2004, 2006, 2009 og 2013. Ótrúlegt hreinlega.

„Þetta er edlilega það mót sem mig dreymir um að vinna. Ég vil ná alslemmunnni og hugsa stanslaust um að vinna þetta mót. Ég verð samt að koma því úr hausnum á mér. Vera þolinmóður, spila minn leik og ekki þvinga eitthvað fram,“ segir Mickelson.

Hann hefur unnið fimm risamót á ferlinum og síðasta risamót sem hann vann var Opna breska meistaramótið árið 2013.

„Ég er jákvæður og lít á þetta sem frábært tækifæri til að loka hringnum fyrir mig. Það væri sögulegt ef mér tækist að vinna öll risamótin. Öll mín reynsla á að nýtast mér á þessu móti

og það vantar ekkert upp á hungrið,“ segir Mickelson en hann spilaði með Englendingnum Justin Rose og Sví- anum Henrik Stenson í gær.

Erfiðasti völlur heims?

Völlurinn sem leikið er á er ákaflega krefjandi. Oakmont-völlurinn er einn erfiðasti golfvöllur heims og hefur farið illa með margan kylfinginn í gegnum tíðina.

US Open fór síðast fram á þessum golfvelli árið 2007 en alls hefur mótið farið fram þarna átta sinnum. Það er met. Sigurvegari mótsins 2007 var Argentínamaðurinn Angel Cabrera. Hann endaði mótið á fimm höggum yfir pari sem segir meira en mörg orð um hversu erfiður þessi völlur er.

„Þessi völlur er einstakur. Það er ekki hægt að fá einn auðveldan fugl á þessum velli,“ sagði Tiger Woods eftir sitt fyrsta mót á Oakmont. „Á flestum völlum er hægt að næla í auðveldan fugl hér og þar en á Oakmont er slíkt ekki í boði.“

Völlurinn var opnaður árið 1903. Brautirnar eru þröngar, karginn þykkur og flatirnar oftast en ekki grjótharðar. Það eru 210 sandgryfjur á vellinum eða um 12 gryfjur á hverja einustu, golfholu.

„Flatirnar eru líka einstaklega erfiðar. Þær halla fram og til baka og erfitt að finna góðan lendingarstað. Ídulega renna boltarnir bara út af flötinni. Menn þurfa því að vera ótrúlega klókir í sinum aðgerðum og hugsa fram í tímann. Annars er þér refsað og það grimmilega,“ sagði



Phil Mickelson er hér að taka æfingahring á Oakmont. NORDICPHOTOS/GETTY

Þessi völlur er einstakur. Það er ekki hægt að fá einn auðveldan fugl á þessum velli.

Tiger Woods

Tiger Woods sem ber mikla virðingu fyrir vellinum. „Annað væri einfaldlega heimska.“

Mickelson þekkir völinn líka vel og hann sagði eftir tvo æfingahringi að þessi völlur yrði ekkert auðveldari eftir því sem kylfingar spiluðu oftast á honum.

„Ég held í fullri alvöru að þetta sé erfiðasti völlur í heimi.“

Mótið verður allt í beinni útsendingu á Golfstöðinni og hefst útsending klukkan 17.00 í dag og svo klukkan 16.00 á laugardag og sunnudag.

henry@frettabladid.is

Rögnvaldur Reginskita og rigning

Það er orðið töff að vera stuðningsmaður íslenska karlalandsliðsins í fótbolta. Það hefur svo sem ekki skipt íslenska stuðningsmenn neinu máli en nú vilja allra þjóða kvikyndi tengja sig við land eldgosa, ísjaka og miðnætursólar. Portúgalskir stuðningsmenn segjast skammast sín fyrir Cristiano Ronaldo og Norðmenn minna á sterk tengsl sín við Ísland. Núna er kannski góður tími til að skrifa undir sanning við Norðmenn þess efnis að Leifur heppni hafi verið Íslendingur.

„Það er fullt af liði búið að hoppa á íslenska vagninn,“ sagði Jóhann Berg Guðmundsson við blaðamenn í gær. Strákarnir okkar hafa fundið fyrir miklum áhuga að utan undanfarna mánuði, áhuga sem hefur aðeins aukist eftir komu liðsins hingað. Allt í einu eru m.a.s. íslenskir blaðamenn orðnir áhuga-verðir. Getið þið útskýrt það af hverju strákarnir okkar eru svona góðir? Hvað finnst ykkur um Lars Lagerbäck? Hvað eru ykkar frábæru stuðningsmenn að syngja? Geturðu þýtt textann fyrir mig?

Hegðun og ummæli Cristianos Ronaldo um okkar menn urðu til þess að athyglin á leiknum gegn Portúgal varð mun meiri en hún hefði orðið ella. Úrslitin eru frábær en langt í frá gríðarlega óvænt í sögulegu samhengi. Þótt þeir rauðklæddu hafi verið mun líklegri vissu allir sem hafa sneflsvit á fótbolta að okkar menn ættu möguleika.

Svo er það að kunna að taka tapi, reyndar jafntefli í þessu tilfelli. Auðveldla leiðin fyrir Ronaldo hefði verið að hrósa litla liðinu fyrir elju og dugnað, láta skítkast eiga sig. Honum var það fyrirmunað og örugglega margir sem hafa stökkið á Messi-vagninn eftir ummæli hans um strákana okkar.

Leiknum lauk á tveimur auka- spyrnum utan teigs, tveimur dauðafærum fyrir Ronaldo. Báðar spyrnurnar fóru í varnarveginn og var flautað til leiksloka eftir þá síðari. Aron Einar Gunnarsson, fyrirlíði okkar, ætlaði að skiptast á trejum



við Ronaldo, sem einnig er fyrirlíði, en gekk í burtu. Nýtt viðurnefni Kristins R. Ólafssonar, Rögnvaldur Reginskita, gæti verið komið til að vera hjá sparkvissa Portúgalanum.

Æfingin var blaut hjá strákunum í Annecy í gær. Ég sá reyndar ekki æfinguna en annað er óumflýjanlegt

því það rigndi allan daginn. Rigningin kom í veg fyrir að fjölmiðlamótið í fótbolta gæti farið fram. Allajafna keppa fjölmiðlamenn í keilu í svona ferðum en afrekskeiluspilarinn Björn Sigurðsson, Böddi the great, gleymdi að bóka sal.

Fram undan er ferðadagur til Marseille á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Þar verður mikið húllumhæ hjá Íslendingum sem verða örugglega ekki færri en í Saint-Étienne þar sem átta þúsund landar okkar studdu okkar menn.

Íslenska pressan fær að fljóta með strákunum í flugvélinni með loforði um að láta leikmennina í friði um borð í vélinni. Það loforð verður ekki svikið enda fullkomlega sjálf-sagt. Strákarnir okkar eru hins

vegur lítið að pæla í þjóðhátíðardeginum.

„Ha? Fagna á morgun?“ sagði Jóhann Berg spurður af erlendu pressunni hvort íslensku strákarnir ætluðu að slá upp veislu í tilefni dagsins. „Leikurinn er á laugardag.“

Golfstöðin
USGA | U.S. OPEN
16. - 19. JÚNÍ

EITT AF RISAMÓTUM ÁRSINS - U.S. OPEN
BEIN ÚTSENDING FRÁ OAKMONT COUNTRY CLUB

JORDAN SPIETH, RORY MCILROY, PHIL MICKELSON, DUSTIN JOHNSON, SERGIO GARCIA, RICKIE FOWLER, JASON DAY OG ALLIR FREMSTU KYLFINGAR HEIMS!

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS EÐA Í SÍMA 1817

Dagbók

Kolbeinn Tumi Daðason fylgir karlalandsliði Íslands hvert fótmál á Evrópu-mótinu í Frakklandi og deilir upplifun sinni með lesendum.



MÅARUD

GERIR GOTT ENN BETRA

Náttúruleg hráefni

Engin transfita



Með sólblómaolíu

Hittir beint í mark

HA H JIBBÍ JEI



KÍKTU Í ÞJÓÐHÁTÍÐARKAFFI

Gerðu góðan dag enn betri á Dunkin' Donuts. Opið í dag frá kl. 07-22 á Laugavegi og í Hagasmára. Opið frá kl. 10-19 í Kringlunni.




Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Föstudagur



Í dag viðrar ágætlega fyrir skrudgöngur eða útveru almennt á þjóðhátíðarfagnaði landans þar sem stefnir í hægna vind og úrkomulítið veður sunnan- og vestanlands, en norðan og austan til eru líkur á einhverjum síðdegisskúrum. Annað kvöld verður þó að mestu þurr og léttir víða til. Hiti 10 til 15 stig.

Laugardagur

Reykjavík 11° ↖ 12	Ísafjörður 12° ← 8	Akureyri 16° ↖ 4
Egilsstaðir 15° ↖ 6	Kirkjubæjarkl. 13° ↖ 7	Hveravellir 8° ↑ 11

Sunnudagur

Reykjavík 12° ↖ 5	Ísafjörður 9° ↖ 4	Akureyri 12° ↓ 2
Egilsstaðir 9° ↖ 9	Kirkjubæjarkl. 10° ← 5	Hveravellir 7° ↑ 5

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. samtök
6. bardagi
8. dvelja
9. ögn
11. tveir eins
12. snjó
14. rusl
16. óreiða
17. neitun
18. fag
20. í röð
21. merki

- LÓDRÉTT**
1. stagl
3. í röð
4. krydd
5. iðn
7. tina
10. mar
13. vöntun
15. kúnst
16. píli
19. númer

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. stef, 6. at, 8. una, 9. fsi, 11. gg, 12. snævi, 14. hrafi, 16. ru, 17. nei, 18. iðn, 20. rs, 21. mark, 10. sear, 13. van, 15. list, 16. rim, 19. nr

Skák Gunnar Björnsson

Tal átti leik gegn Barzca í Tallinn árið 1971.

1...Hd8! 2. De3 Dxc2! 3. Kf1 Hd1+ 4. Hxd1 Dxd1+ 5. De1 Dd3+ 0-1. www.skak.is Nýjustu skákfréttirnar.

Svartur á leik



Sudoku

LÉTT

					1	3	
	4	1		3		5	
2			8	5		4	
1	5	4			3	9	
	6	8		7	9		2
4	2						
5	8		2	9	7		
	9	3		4	7		5
			6				

MIDLUNGS

9							
2	8			1		7	
	6		9			3	1
3	2				4		
5				7			2
7	1						
		3	1			5	8
				9	7		4
4	3		8		6	7	

ÞUNG

				8	3				
	6	7		9			2	8	
		5				9			
			8				4		
5				3					
2	3	4	9						1
4			1				9		
6	1							5	
	2	4	5						6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9
3	6	8	4	7	9	5	1	2
9	7	1	5	3	2	6	4	8
2	4	5	6	8	1	7	9	3
1	9	2	7	6	3	4	8	5
4	3	6	8	1	5	9	2	7
8	5	7	2	9	4	1	3	6
5	2	3	9	4	7	8	6	1
6	1	4	3	5	8	2	7	9
7	8	9	1	2	6	3	5	4
4	9	6	1	2	7	5	3	8
1	3	5	6	4	8	9	2	7
7	8	2	3	9	5	1	4	6
5	4	8	7	1	9	2	6	3
9	6	7	2	8	3	4	5	1
3	2	1	4	5	6	7	8	9
2	7	3	5	6	1	8	9	4
6	5	9	8	7	4	3	1	2
8	1	4	9	3	2	6	7	5

Myndasögur

PONDUS




Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNLÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30

VIÐ FLYTJUM ÞÉR FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365 FRÉTTASTOFA



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Opið í dag Skútuvogi 10:00-17:00
(aðrar verslanir lokaðar)

GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

42% afsláttur
Rósir 10 stk. búnt.
1.990 kr
~~3.490 kr~~

Stjúpuveisla!
Gildir á meðan birgðir endast
Stjúpur 10 stk. í bakka.
799 kr
~~1.790 kr~~

Opið í dag Skútuvogi 10:00-17:00 (aðrar verslanir lokaðar)

Litaðir eldhúshnífar
5 stk. í standi.
2007431
6.990 kr
~~9.990 kr~~
taylor's eye witness
30% afsláttur

Garðstóll Kingsbury
Með stillanlegum örmum.
3899088
9.990 kr
~~12.900 kr~~
20% afsláttur

990 kr
~~1.690 kr~~
Áfram Ísland fótbolti
Stærðir 4 og 5.
3901121/3

199 kr
Íslenski fáninn á tréþriki, 30x46 cm
12469122

Sláttuvél Razor
4610 TR/W með drifi
139 cc, 2,3 kW, slátturbreidd 46 cm,
sláttukerfi 4in1, 6 hæðastillingar,
með drifi.
5085302
42.495 kr
~~49.995 kr~~
15% afsláttur

990 kr
Strákústur
40 cm með skafti.
5044450

699 kr/stk.
~~990 kr/stk.~~
Hnoðrar
Margar gerðir.
11260970

18% afsláttur
ÞÚ SPARAR: 5.000 kr
21.900 kr
~~26.900 kr~~
Gasgrill með hliðarhelli
Omega 250 gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000298



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Urval getur verið mjaðfjafnt milli verslana

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Meginþorri þess erlenda tónlistarfólks sem kom hingað til Íslands á síðustu öld var ráðinn til að gegna hér störfum. Það var skipuleg aðgerð Íslendinga til að byggja upp tónlistarlíf að erlendri fyrirmynd og komast á svipað stig og umheimurinn, bæði í klassík og skemmtitónlist," segir Óðinn Melsted, sagnfræðingur, trompetleikari og leiðsögumaður, um efni bókar sinnar *Með nótur í farteskinu*. Hún er um þá útlendu tónlistarmenn sem settust hér að á árunum 1930 til 1960, alls um 100 manns, líka um stöku gestakomur.

En hverjir höfðu forgöngu um að fá listafólkið til Íslands? „Tónlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður 1930 og fyrstu þrjár kennarnir voru erlendir. Á bak við skólann stóð Tónlistarfélagið í Reykjavík og þekktasta nafnið í tengslum við það er Ragnar í Smára. En sá sem trúlega réð mestu var Björn Jónsson verslunarmaður, hann var framkvæmdastjóri félagsins og Símfóníuhljómsveitarinnar og fór utan að semja við kennara og hljóm-sveitarstjóra. Svo voru það skemmti-staðirnir í Reykjavík, til dæmis Hótel Ísland, Hótel Borg og fleiri sem réðu til sín bæði erlendar hljóm-sveitir og staka tónlistarmenn. Fæstir komu fyrir tilviljun.“

Lærði íslensku sem krakki

Óðinn er fæddur og uppalinn í Austurríki, á íslenskan föður og austurríska móður. Hann talar og skrifar hreina íslensku og kveðst hafa lært hana sem krakki. „Ég talaði íslensku við pabba og austurrísku við mömmu. Ákvað svo að fara í háskóla hér og lærði sagnfræði við Háskóla Íslands. Það skerpti á íslenskunni, sérstaklega ritmálinu.“

Hann tileinkar föður sínum, Eyjólfí Melsted, bókina og þakkar honum aðstoð við gerð hennar. Segir bókina eiga sér aðdraganda. „Ég hlaut austurrískt tónlistaruppeldi og spilaði í hljóm-sveitum hér á landi á háskóla-árunum. Svo hef ég alltaf þekkt einn þeirra tónlistarmanna sem komu erlendis frá til Íslands, Pál Pampichler. Hann giftist ömmusystur minni hér en flutti til Austurríkis um það leyti sem ég fæddist og ég hef aldrei þekkt hann öðruvísi en onkel Pauli í Graz. Hann titlar sig enn þá íslenskt tónskáld og er álíka skritin blanda af Íslendingi og Austurríkismanni og ég.



„Í fyrri hlutanum beiti ég hefðbundnu íslensku sjónarhorni, hvernig erlendir mannaflí og erlendir straumar koma til Íslands og í síðari hlutanum er það Austurríkismaðurinn í mér sem er að skrifa,“ segir Óðinn um bók sína *Með nótur í farteskinu*. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flestir ætluðu bara að vera í eitt ár

Ný bók eftir Óðin Melsted fjallar um erlent tónlistarfólk sem flutti til Íslands á síðustu öld og lagði fram krafta sína við kennslu, hljóm-sveitarstjórn og spilamennsku.

MÖRGUM LÍKAÐI EINFALDEGA VEL OG BUÐUST ÓTAL TÆKIFÆRI. ÞEIM LEIST KANNSKI EKKI ALLTOF VEL Á TÓNLISTARLÍFIÐ Í BYRJUN, REYKJAVÍK VAR ÓLÍK STÓRBORGUM ERLENDIS EN ÞEIR SÁU HÆFILEIKANA Í FÓLKI HÉR.

Nálgast efnið frá tveimur hliðum Óðinn viðaði að sér fróðleik í bókina víða. Leitadi í gögnum Útlendingastofnunar, las blöð og endurminningabækur og tók viðtöl við þá aðfluttu tónlistarmenn sem enn eru á lífi og ættingja þeirra. En hvernig heldur hann að þessu fólk hafi liðið hér? „Almennt reyni ég að nálgast það sjónarmið frá tveimur hliðum. Í fyrri hlutanum beiti ég hefðbundnu íslensku sjónarhorni, hvernig erlendir mannaflí og erlendir straumar koma til Íslands og í síðari hlutanum er það Austurríkismaðurinn í mér sem er að skrifa, þá beiti ég upplifun tónlistarfólksins.“

Flest fólk var ungt að árum og Íslandsferð var ævintýri í augum þess. Yfirleitt var það með samning í höndum svo það fór ekki út í hreina óvissu en vissi þó lítið um Ísland. Flestir ætluðu bara að starfa hér í eitt ár en í lengdust. Mörgum líkaði einfaldlega vel og buðust ótal tækifæri. Þeim leist kannski ekki alltof vel á tónlistarlífið í byrjun, Reykjavík var ólík stórborgum erlendis en þeir sáu hæfileikana í fólk hár.“

Óðinn telur almennt vel hafa verið tekið á móti listafólkinu. Samt hafi orðið vart andstreymis frá Félagi íslenskra tónlistarmanna sem stóð vörð um kaup og kjör og

andmælti því að verið væri að ráða erlent fólk til starfa. Það hafi þó ekki beinst persónulega að neinum. „Margir Íslendingar sóttust eftir að komast í sveitir hjá erlendum hljóm-sveitarstjórum bara til að læra af þeim,“ segir hann.

Sumt af því listafólki sem Óðinn skrifar um fann ástina á Íslandi. „Af öllum sem fluttu búferlum hingað í lengdist um það bil helmingur lengur en þrjú ár, sumir voru í áratug og aðrir það sem eftir lifði ævinnar og eiga töluverðan hóp afkomenda,“ upplýsir hann. „Það er heilmikið fyrir grúskara í bókinni, æviágrip, tónlistarsaga og fróðleikur um fólk.“

Innblásturinn kemur úr öllum áttum, jafnvel fyrir sögnum dagblaða eða öðru lesefni

Ný olíuverk skoska myndlistarmannsins Callum Innes prýða nú vegg í 8 í Tryggvagötu 16. Þau eru máluð bæði á striga eða pappír.

Það geta verið hin hversdagslegustu atriði sem verða kveikjan að verkum Innes, eftir því sem hann segir sjálfur. „Innblásturinn kemur úr öllum áttum, jafnvel úr fyrir sögnum blaðanna einhvern morguninn eða lesefninu fyrir svefninn.“

Innes er fæddur í Edinborg árið 1962. Hann lærði teikningu og málun í Gray's School of Art, en lauk meistaraáráðu í myndlistinni í Edinburgh College of Art. Hann hefur verið talinn meðal mikilvægustu abstraktmálara sinnar kynslóðar og verk hans hafa verið sýnd á einka- og samsýningum víða um heim. Í október á þessu ári verður stór sýning verka hans opnuð í De Pont Museum í Tilburg í Hollandi.

Sýning Callum Innes verður í 8 fram til 9. september.



Verkin á sýningunni eru ýmist máluð á striga eða pappír.



Sumt er flókið þótt það sýnist einfalt.




Callum Innes hefur verið talinn til mikilvægustu abstraktmálara sinnar kynslóðar og honum hafa hlotnast hin virtu verðlaun NatWest. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



FRAMLENGING Í LOTTÓLANDSLEIKNUM!

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í NÍUTÍU MILLJÓNIR Á LAUGARDAGINN



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Örkyrjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

SAMBÍÓIN SAMbio.is OPIÐ Í DAG 17. JÚNÍ

Ein skemmtilegasta mynd sumarsins

★★★★★ VIBERT ★★★★★ ER

"THE FAMILY FILM OF THE YEAR."
"A MASTERPIECE!"
"AMAZING!"
"PIXAR AT ITS BEST!"

Disney PIXAR **LEITIN AÐ DÖRU**
sýnd með íslensku og ensku tali

SAVING THE WORLD TAKES A LITTLE HART AND A BIG JOHNSON
CENTRAL INTELLIGENCE

Porir þú?
★★★★★ DENOFREEK.COM
★★★★★ CINEMALÉND

THE CONJURING 2
NINJA TURTLES
OUT OF THE SHADOWS

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK	AKUREYRI
FINDING DORY (ENSKA 2D) kl. 1-3:20-5:40-8-10:30	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 5:30-8	FINDING DORY (ENSKA 2D) kl. 8	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 12:40
LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 1-3:20-5:40	CENTRAL INTELLIGENCE kl. 5:30-8-10:30	FINDING DORY (ENSKA 2D) kl. 5:40-9	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 1-3:20-5:40
LEITIN AÐ DÖRU (ISL 3D) kl. 2-4:20-6:40	THE CONJURING 2 kl. 8-10:45	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 3D) kl. 1-3:20-5:40	FINDING DORY (ENSKA 2D) kl. 8
THE CONJURING 2 kl. 8-9-10:20-10:45	TMNT 2 2D kl. 5:30-8-10:30	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 8-10:25-10:45	TMNT 2 3D kl. 8
THE CONJURING 2 VIP kl. 2:15-5-8-10:45	ALICE THROUGH... 2D kl. 5:30-10:30	THE CONJURING 2 kl. 10:20	TMNT 2 2D kl. 3:20
TMNT 2 2D kl. 12:30-3-5:30	ANGRY BIRDS MOVIE kl. 3:20	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 12:40	ZOOTROPOLIS kl. 1
ALICE THROUGH... 2D kl. 5:30-8	CENTRAL INTELLIGENCE kl. 8-10:20	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 3D) kl. 1-3:20-5:40	
MOTHER'S DAY kl. 8-10:30	TMNT 2 2D kl. 5:30	FINDING DORY (ENSKA 2D) kl. 8	
THE JUNGLE BOOK 2D kl. 12:30-3-5:30	THE CONJURING 2 kl. 10:20	THE CONJURING 2 kl. 8-10:20-10:45	
FINDING DORY (ENSKA) kl. 5:40-9	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 8	TMNT 2 2D kl. 3-5:30	
LEITIN AÐ DÖRU (ISL 2D) kl. 2-4:20-6:40	LEITIN AÐ DÖRU (ISL 3D) kl. 1-3:20-5:40		
LEITIN AÐ DÖRU (ISL 3D) kl. 1-3:20-5:40	FINDING DORY (ENSKA 2D) kl. 8		
THE CONJURING 2 kl. 8-10:25-10:45	THE CONJURING 2 kl. 8-10:20-10:45		
TMNT 2 3D kl. 8	TMNT 2 2D kl. 3-5:30		
TMNT 2 2D kl. 3:20			
ZOOTROPOLIS kl. 1			

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SAVING THE WORLD TAKES A LITTLE HART AND A BIG JOHNSON
CENTRAL INTELLIGENCE

Disney PIXAR **LEITIN AÐ DÖRU**

2 fyrir 1 allan daginn á allar myndir

Ópera í beinni **WERATHER** FORSALA HAFIN
27. júní í Háskólabíói

SJÁÐU EM 2016 Í SMÁRABÍÓI
NÁNAR Á SMARABIO.IS/EM

WARCRAFT
THE NICE GUYS
Jökullinn logar

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og námsupplýsingar

Coca-Cola
Í LEIÐSÉÐI

CENTRAL INTELLIGENCE 12

TILBOÐ KL 1:30 TILBOÐ KL 2

LEITIN AÐ DÖRU 1

WARCRAFT 12

THE NICE GUYS 16

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

LEITIN AÐ DÖRU ISL.TAL	2, 5
LEITIN AÐ DÖRU 3D ISL.TAL	1:30, 3:40, 5:50
CENTRAL INTELLIGENCE	7:30, 10
THE NICE GUYS	10:30
WARCRAFT	8, 10:30
FLORENCE FOSTER JENKINS	8
ANGRY BIRDS ISL.TAL	1:50, 3:50, 5:50

Hvað? Hvenær? Hvar?
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

17. JÚNÍ 2016

Hátíðarhöld

Hvað? Hátíðarhöld á safni
Hvenær? 10.00
Hvar? Þjóðminjasafn Íslands og Safnahúsið við Hverfisgötu
A þjóðhátíðardag Íslendinga verður ókeypis aðgangur í Þjóðminjasafnið og Safnahúsið. Það er því kjörlið tækifæri til að skoða sýningar safnanna eða spreyta sig í ratleikjum og þrautum fyrir alla fjölskylduna. Ókeypis leiðsögn klukkan 14.00 auk þess sem DJ Doodlepops, Mr. Silla og Snorri Helgason halda uppi fjörinu á útisvæðinu. Allir hjartanlega velkomnir.

Hvað? Austurgötuhatið
Hvenær? 13.30
Hvar? Hafnarfjörður
Austurgötuhatiðin er haldin í fimmta skipti í ár. Heimilislegt kaffihús með heitu súkkulaði og vöflum, tailenskur veitingastaður, handverk, bækur, skart og fleira. Lifandi tónlist í götunni allan daginn. Þá verður Frikirkjan opin gestum og gangandi. Allir velkomnir.

Hvað? Hátíðarhöld í Hafnarfirði
Hvenær? 13.30

Hvar? Vitt og breitt um Hafnarfjörð í tilefni dagsins verður heljarinnar húllumhæ í Hafnarfirði í dag. Þéttskipuð dagskrá á Thorsplani, við Hafnarborg og Byggðasafn Hafnarfjarðar. Allir velkomnir.

Hvað? Hátíðarhöld
Hvenær? 10.00
Hvar? Miðborg Reykjavíkur
Venju samkvæmt er blásið til hátíðarhalda í miðborginni í dag. Hefjast leikar með samhljómi kirkjuklukna í Reykjavík. Guðsþjónusta, athöfn á Austurvelli, skruðganga frá Austurvelli, fornbílasýning og verulega margt annað í boði. Skipulagt hátíðarsvæði er Kvosin, þ. á m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund og Tjarnargarðar.

Hvað? Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju
Hvenær? 11.00
Hvar? Lágafellskirkja
Í dag er boðið upp á hátíðarguðsþjónustu í tilefni dagsins. Ólöf Þórdardóttir, formaður Leikfélags Mosfellsbæjar, tekur til máls. Þá mun kirkjukór Lágafellssóknar syngja undir stjórn Ragnars Jónssonar organista. Allir velkomnir.

Hvað? Samkirkjuleg þjóðhátíðarbænastund í Landakotskirkju
Hvenær? 15.00
Hvar? Landakotskirkja
Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga stendur fyrir þjóðhátíðarbænastund í dag í samstarfi við Friðrikskapelluhópinn, sem hittist vikulega og biður fyrir landi og þjóð. Frú Agnes Sigurðardóttir biskup og Dávid B. Tence taka þátt og Svavar Knútur leiðir almennan söng. Allir velkomnir.

Hvað? Jónsmessuhátíð
Hvenær? 21.00
Hvar? Hofsó



Tónlistarmaðurinn Teitur Magnússon verður í Breiðdalsvík í dag ásamt Prins Póló. FRÉTTABLAÐID/GVA

Heilmikil barna- og ungmennaskemmtun á Jónsmessuhátíð 2016 á Hofsósi alla helgina. Herlegheitin hefjast í kvöld á sundlaugarpartíi fyrir börn á aldrinum 12-18 ára.

Leikir og tónlist

Hvað? Hátíðardagskrá í Garðabæ
Hvenær? 09.00
Hvar? Viðsvegar um Garðabæ
Fjölbreytt dagskrá er í boði í dag í Garðabæ. Morgundagskráin fer fram viðsvegar og hefst kl. 9 við Urriðavatn þar sem boðið verður upp á kanósiglingar og í Vífilsstaðavatni verður ókeypis veiði allan daginn. Á Álfanesi verður hið árlega 17. júnimót Golfklúbbs Álfness sem hefst kl. 10. Sundlaugin á Álfanesi verður með ókeypis aðgang frá kl. 10-14 og gestir fá einnig ókeypis aðgang þennan dag í Hönnunarsafn Íslands á Garðatorgi sem er opið frá kl. 12-17. Allir velkomnir.

Hvað? Þjóðhátíðarögnunur Hörpu
Hvenær? 13.00
Hvar? Harpa
Ansi harpa verður í boði í Hörpu í tilefni dagsins, svo sem Þjóðsöngur í Eldborg. Óperukórinn leiðir þjóðina í söng undir stjórn

Garðars Cortes klukkan 14.00, Sirkus Íslands verður og Maximús heilsar börnunum, auk fjölda annarra atriða. Allir velkomnir.

Hvað? Hátíðarhöld Seltjarnarness
Hvenær? 10.00
Hvar? Bakkagarður
Að venju fara hátíðarhöldin fram í Bakkagarði, en skruðgangan leggur að þessu sinni upp frá Leikskól-

anum við Suðurströnd kl. 14. Öllu verður tjaldað til og hátíðardagskráin sniðin að bæjarbúum á öllum aldri. Öll afþreying á svæðinu er ókeypis. Í boði eru vatnaboltar, loftboltar, trampólín, hestateymingar, risarennibraut, fljúgandi diskur, andlitsmálun og fleira.

Hvað? Þjóðhátíðargleði í Árbæjarsafni
Hvenær? 13.00

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð

MINNST 4 MIÐAR. A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS

MÍÐASALA smarabio.is emidi.is miði.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



Listahópurinn Mixed feels sýnir gjörninginn Blámjólk í Gerðarsafni í dag. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Hvar? Árbæjarsafn

Í Árbæjarsafni verða þjóðbúningar í aðalhlutverki venju samkvæmt og eru gestir hvattir til að mæta í eigin búningum. Fjallkonu safnsins verður skautað kl. 14 og geta gestir fylgst með því hvernig faldur, faldblæja og spöng eru sett upp og borin við skautbúning. Þá sýnir barnahópur frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur dans kl. 15.30. Fornbilar og fleira. Fritt inn fyrir börn yngri en 18 ára og þá sem mæta í þjóðbúningi.

Hvað? Útnefning Borgarlistamanns Reykjavíkur

Hvenær? 14.00

Hvar? Höfða

Borgarlistamaður Reykjavíkur 2016 verður útnefndur af forseta borgarstjórnar í Reykjavík í dag, þjóðhátíðardaginn, í Höfða og listamanninum veitt viðurkenning.

Tónlist

Hvað? Rock the Boat

Hvenær? 20.00

Hvar? Breiðdalsvík

Í dag verður boðið til tónleikanna Rock the Boat á gamla bátnum í hjarta Breiðdalsvíkur. Teitur Magnússon og Prins Póló ásamt hljómsveit munu stiga um borð í orðsins fyllstu merkingu og flytja tónlist sína. Ókeypis aðgangur er á tónleikana og allir hjartanlega velkomnir.

Hvað? Helgi og Hljóðfæraleikarnir

Hvenær? 22.00

Hvar? Græni hatturinn

Helgi og Hljóðfæraleikarnir halda uppi stuðinu í kvöld á Græna hattinum. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

Hvað? Júlladiskó

Hvenær? 23.00

Hvar? Ölstofan Hafnarfirði

Blásið verður til Júlladiskós í kvöld í tilefni dagsins.

Hvað? Dj Api pabbi

Hvenær? 22.00

Hvar? Bar Ananas

Dj Api Pabbi þeytir skífum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Dalton

Hvenær? 21.00

Hvar? Hressó

Hljómsveitin Dalton leikur á als oddi í kvöld á Hressó, Austurstræti.

Listir

Hvað? Hrynjandi

Hvenær? 15.00

Hvar? Listasafn Íslands

Í dag verður opnuð í Listasafni Íslands, Vasulka-stofu, sýning á gagnvirkri vídeó-innsetningu Sigrúnar Harðardóttur, Hrynjandi hvera. Allir velkomnir.

Hvað? Blámjólk

Hvenær? 14.00

Hvar? Gerðarsafn, Hamraborg, Kópavogi.

Listahópurinn Mixed feels sýnir gjörninginn Blámjólk í Gerðarsafni í dag. Þar geta áhorfendur komið og farið eins og þeim sýnist milli 14.00 og 17.00. Sýningin er hluti af dagskrá Skapandi sumarstarfa í Molanum Kópavogi, á þjóðhátíðardeginum. Höfundar gjörningsins eru þær Nína Hjalmsdóttir, Selma Reynisdóttir og Sólbjört Sigurðardóttir. Allir velkomnir.

Annað

Hvað? Youth takeover

Hvenær? 12.000

Hvar? Skólavörðustíg 12

Ungmennahópur Rauða krossins í Reykjavík mun taka Rauðakrossbúðina á Skólavörðustíg 12 yfir og safna fyrir Tömstundasjóð flóttabarna. Mun búðin fyllt af havaiskyrtum og litríkum fötum af öllum stærðum og gerðum. Andvirði sölunnar rennur í Tömstundasjóð flóttabarna.



17. júní verður fagnað um land allt. Árbæjarsafn stendur fyrir heilmiklu fjöri þar sem þjóðbúningurinn er í aðalhlutverki.



Í KVÖLD KL. 21:00



BEYONCÉ KNOWLES OG HBO KYNNA:

LEMONADE



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.



EITT UMTALÐASTA TÓNLISTARVERK SÍÐARI ÁRA SEM VAKIÐ HEFUR VERÐSKULDAÐA ATHYGLI UM ALLAN HEIM.

Lambakjöt

Þjóðarréttur Íslendinga er lambakjöt



*Um 74% þátttakenda í könnun Gallup, sem var unnin fyrir kokkalandsliðið, nefndu lambakjöt þegar þeir voru spurðir hver þjóðarréttur Íslendinga væri.





Sveitin spilaði síðast á Íslandi í ágúst í fyrra, þá á útgáfutónleikunum í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eigum enn eftir að sanna okkur mikið

Of Monsters and Men hefur verið á tónleikaferðalagi kringum hnöttinn síðan á síðasta ári. „Blanda af auknu stressi og miklu stolti sem tekur yfir líkama manns,“ segir Ragnar, söngvari og gítarleikari sveitarinnar, um að spila á Íslandi.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



FRAM UNÐAN BÍÐA OKKAR ENN ÞÁ NOKKUR STUTT FERÐALÖG EN SVO ER PLANIÐ HELD ÉG BARA AÐ SLAPPA SVOLÍTIÐ AF, NÁ Í RASSGATIÐ Á ÍSLENSKA SUMRINU OG HEFJAST SÍÐAN HANDA VIÐ ÞRIÐJU PLÖTUNA.

Það er eitthvað sem gerist þegar maður spilar heima. Ég held að það sé einhvers konar blanda af auknu stressi og miklu stolti sem tekur yfir líkama manns. Það er erfitt að lýsa því. Við erum svo vön að spila fyrir framan haf af ókunnugu fólki þannig að það er góð tilbreyting að spila heima fyrir fólk sem maður þekkir og þykir vænt um,“ segir Ragnar Þórhallsson, söngvari og gítarleikari Of Monsters and Men.

Sveitin er komin hingað til lands og stígur á svið á Secret Solstice hátíðinni sem hófst í gær. Bandið kemur fram á sunnudagskvöld. Of Monsters and Men hefur ekki spilað á Íslandi síðan á síðasta ári þegar sveitin blés til útgáfutónleika í Hörpu vegna plötunnar *Beneath the skin*.

Akkúrat ár er síðan hún kom út og fékk gríðarlega góðar viðtökur,

en strax fyrstu vikuna seldist platan í sextíu og eitt þúsund eintökum. Þá fór platan beint í þriðja sæti Billboard listans í Bandaríkjunum og náði fyrsta sæti á iTunes. Þá var platan jafnframt sú mest selda á Íslandi sé árið tekið saman.

Spurður hvernig um sé að litast, horfir Ragnar aftur um ár, og á þá gríðarlegu velgengni sem raun ber vitni um, svarar hann hógvæð að við blasi „aðallega góðar stundir með góðum vinum“.

Hann segir sömuleiðis að þó svo sveitin geti fagnað góðu gengi séu þau engan veginn komin í einhvern stjórnumedferðarpakka. „Ég held að við eigum enn eftir að sanna okkur mikið til að komast á sama stall



Of Monsters and Men er með tvær plötur „undir beltinu“ eins og Ragnar orðaði það. Þau eru þegar farin að horfa að þriðju. MYND/MEREDITH TRUAX

og Björk til dæmis. Við erum ekki komin á þann stað að fá stjórnumedferðina hvar sem við förum, þó það eigi vissulega til að gerast við og við.“

Vissulega eru allir mennskir

Of Monsters and Men hefur samsé verið á tónleikaferðalagi síðan á síðasta ári. Ferðin hófst í Sudur-Ameríku og hefur síðan teygst sig til Mexíkó, Ástralíu, Singapúr, Filippseyja, Bandaríkjanna og nú síðast Kanada áður en heim var haldið. Eðli málsins samkvæmt hefur því býsna margt á daga hljómsveitarmeðlima drifið, svo sem heimsókn til spjallþáttadrottningarinnar Ellenar í október í fyrra og í lok maí birtust þau í hinum nafntogugu þáttum *Game of Thrones*. Þá hefur OMAM túrað með enska indírokkbandinu Florence and the Machine undanfarið.

Hvernig skyldi mórallinn vera í svona umfangsmiklum ferðalögum? „Mórallinn er yfirleitt mjög góður þegar við erum á túr. Við gerum í því að hafa í kringum okkur fólk sem er

jákvætt og bjartsýnt og hugsar í lausnum en ekki í vandamálum. Þú þarft að vera mjög þolinmóður og umburðarlyndur til þess að túra og við erum heppin með hóp hvað það varðar. En vissulega eru allir mennskir og auðvitað getur nándin reynst erfið. Það fá allir hins vegar tíma fyrir sig þegar við förum á hótél og það er gott að nýta hann til þess að endurræsa og undirbúa sig fyrir komandi rútulíf,“ útskýrir Ragnar einlægur.

Ný plata í kortunum

„Eftir því sem maður túrar meira því meira fer maður að hlakka til að byrja á næstu plötu. Við erum mörg hver byrjuð að semja en undirbúningurinn byrjar ekki af fullri alvöru fyrir en eftir að við hættum að túra með þessa plötu,“ segir Ragnar spurður út í frekari plötusmíð. „Ég er rosalegur stoltur og þakklátur fyrir móttökurnar sem *Beneath the Skin* hefur fengið og það hefur verið mikið ævintýri að túra hringinn í kringum heiminn með tvær plötur „undir beltinu“. Fram undan bíða okkar

enn þá nokkur stutt ferðalög en svo er planið held ég bara að slappa svolítið af, ná í rassgatið á íslenska sumrinu og hefjast síðan handa við þriðju plötuna.“

Líkt og áður segir er bandið komið til landsins og mun stíga á Valhallarsviðið í Laugardalnum á sunnudagskvöld. Sléttri viku síðar verður hljómsveitin á Englandi að skemmta gestum Glastonbury-hátíðarinnar. Gert er ráð fyrir að um fimmtán þúsund manns sjái sveitina í Laugardalnum á meðan seldir miðar á Glastonbury eru hundrað þrjátíu og fimm þúsund. Munurinn er talsverður, krefst stærri hátíðin öðruvísi undirbúnings? „Nei. Við tækjum flest festivala-gigg á mjög svipaðan hátt. Það skiptir eiginlega ekki máli hvort maður er að fara að spila fyrir fimm þúsund manns eða þrjátíu þúsund. Það eina sem hægt er að gera hvort sem er, er að vera í augnablikinu og njóta þess sem maður er að gera. Það sem þú gefur frá þér færðu yfirleitt margfalt til baka á svona giggum,“ útskýrir hann. gudrun@frettabladid.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

OPIÐ 17. JÚNÍ Í ÖLLUM VERSLUNUM NEMA KRINGLUNNI 11-18

GLEÐILEGAN
ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG

ÁFRAM
ÍSLAND!



98
kr. stk.


Íslenski Fáninn
30x46 cm

198
kr. stk.

Íslenski Fáninn
50x70 cm

198
kr. stk.

Brjóstsykur Snúð
70 g, margar teg.



BONUS EKKERT BRUÐI



Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 19. júní eða meðan birgðir endast



2006 – Elsa G. Björnsdóttir og Tinna Hrafnisdóttir. Það er einsdæmi í sögu Fjallkonunnar að þær hafi verið tvær. Þær fluttu ljóðið Einu-sinni-var landið eftir Steinunni Sigurðardóttur, Tinna á talmáli en Elsa á tákmalí. MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR



2014 – Valgerður Guðnadóttir flutti ljóðið Mynd til Láru eftir Valgeir Guðjónsson. MYND/DANÍEL RAGNARSSON

Fjallkonan

í gegnum árin

Stefán Þór
Hjartarson
stefanthor@
frettabladid.is

Fjallkonan er einn af föstum liðum 17. júní hátíðarinnar. Margar af ástsælustu leikkonum þjóðarinnar hafa ávarpað þjóðina á Austurvelli í gervi fjallkonunnar allt síðan 1947 og hér verður farið lauslega yfir nokkrar þeirra sem hafa orðið þessa heiðurs aðnjótandi.



Fyrsta teikningin af fjallkonunni eftir Johann Baptist Zwecker.

SAGA FJALLKONUNNAR

Fjallkonan er rómantískt tákni eða kvengerving fyrir Ísland sem kom fyrst fram á prenti í kringum 1752 – en var ekki nefnd Fjallkonan fyrr en í kvæði Bjarna Thorarensen frá upphafi 19. aldar:

*Eldgama Ísafold,
ástkæra fösturmold,
fjallkonan frið!*

Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal stal síðar mynd af fjallkonunni úr enski þýðingu á íslenskum þjóðsögum og notaði á frægt minningarspjald um þjóðhátíðina árið 1874.

Vestur-Íslendingar í Winnipeg byrjuðu á þeim síð að velja stúlku til að koma fram sem fjallkonan á þorralbótum en þessi síður var svo tekinn upp hér á landi, með öðrum áherslum þó, við lýðveldisstofnun. Allt frá því að Alda Möller leikkona setti upp gervið 1947 hefur tíðkast að hafa leikkonu í hlutverkinu.



2003 – Inga María Valdimarsdóttir flutti ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur.

HVER VERÐUR FJALLKONAN Í ÁR?

Það verður gríðarlega spennandi að sjá hver verður valin til að vera fjallkonan í ár. Það má auðvitað alveg gíska og eru t.d. Ágústa Eva Erlendsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Elma Stefania Ágústsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Salka Sól Eyfeld og Kristín Þóra Haraldsdóttir allar nokkuð líklegar.

NOKKRAR FJALLKONUR

1944: Kristjana Milla Thorsteinsson – fyrsta fjallkonan. Hún kom reyndar ekki fram vegna aftakaveðurs og var ekki leikkona heldur dótturdóttir Hannesar Hafstein.
1947: Alda Möller – fyrsta fjallkonan sem kom fram og var auk þess leikkona.
1958 og 1976: Helga Bachmann
1962 og 1971: Kristbjörg Kjeld.
1993: Ólafía Hrönn Jónsdóttir
1997: Halldóra Geirharðsdóttir
1998: Helga Braga Jónsdóttir
2002: Nina Dögg Filippusdóttir
2010: Unnur Ösp Stefánsdóttir



2007 – Sólvieg Arnarsdóttir Ávarp fjallkonunnar þetta árið var eftir Þórarinn Eldjárn. MYND/VALLI



2008 - Elma Lisa Gunnarsdóttir Ávarpið árið 2008 var eftir Þorstein frá Hamri. MYND/DANÍEL RÚNARSSON

NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Dalbraut 1
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð



Létta uppskriftin



Ílmurinn er indæll og bragðid eftir því

www.katla.is



Hjónin Helga Rós og Ragnar Bragason ásamt drengjunum sínum Alvin Huga og Bjarti Eli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samstarf fjölskyldunnar gengur vel

Tökur standa nú yfir á sjónvarpsþáttaröðinni **Föngum**. Svo skemmtilega vill til að heil fjölskylda starfar saman að þáttunum. Ragnar Bragason leikstjóri, eiginkona hans Helga Rós Hannam búningahönnuður og synir þeirra tveir starfa saman á tökustað.

Helga Rós, konan mín, er búningahönnuður og hefur unnið við megnið af því sem ég hef gert á mínum ferli, svo við erum alls ekki að vinna saman í fyrsta skipti," segir Ragnar Bragason leikstjóri.

Nú standa yfir tökum á sjónvarpsþáttaröðinni Föngum í kvennafangelsinu í Kópavogi. Synir þeirra Ragnars og Helgu vinna einnig við þáttaröðina þannig að öll fjölskyldan er saman á tökustað. „Strákarnir mínir tveir, Alvin Hugi og Bjartur Eli, vinna sem aðstoðarmenn við framleiðslu. Þetta er byrjendastaða í bransanum, þar sem þú ert í nánast öllu sem til fellur," segir Ragnar og segir samstarf fjölskyldunnar ganga frábærlega vel.

„Hér hefur allt gengið að óskum og áfallalaust fyrir sig. Við erum að verða hálfnuð með tökurnar og erum staðsett sem stendur í gamla kvennafangelsinu í Kópavogi. Seinni hluti tökuplansins fer svo víðs vegar um Reykjavíkursvæðið," segir Ragnar.

Upphaf þáttanna má rekja til rannsóknarvinnu þeirra Nínu Daggar Filippusdóttur og Unnar Aspar Stefánsdóttur sem heimsóttu fanga og fangaverði í kvennafangelsið í Kópavogi í heil sjö ár, en þær fara báðar með hlutverk í þáttunum.

Margrét Örnólfsdóttir og Ragnar Bragason skrifuðu handritið sem fjallar um Lindu, unga reykvíska konu sem færð er í kvennafangelsið eftir alvarlega líkamsárás á föður sinn.

„Þetta er mikið fjölskyldudrama, við kynnumst fjölskyldu sem dilar



Tökur hafa gengið vel í gamla kvennafangelsinu í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

við mikinn harmleik. Í sögunni kynnist við Lindu, annarri af tveimur dætrum þekktis manns úr viðskiptalífínu. Líf hennar hrynur þegar hún er færð í kvennafangelsið í Kópavogi eftir að hafa ráðist á föður sinn og veitt honum lífshættulega áverka. Við erum í rauninni að fylgja konunum í þessari fjölskyldu eftir og sjá hvernig þær dila við þessar aðstæður," segir Ragnar og bætir við að í fangelsinu kynnist Linda konum af öðru sauðahúsi, sem allar hafa sögu að segja.

Margir spyrja sig eflaust hvort þáttaröðin sé eitthvað í líkingu við fangabáttinn vinsæla Orange Is the New Black en Ragnar segir svo ekki vera. „Nei, alls ekki. Fangar er miklu

meiri dramaþáttur, þar sem kynbundið ofbeldi, þöggun og þyngri hlutir koma fyrir," segir hann.

Leikhópurinn spannar hátt í hundrað manns þar sem uppstaðan eru konur á öllum aldri og er því óhætt að segja hópurinn sé afar fjölbreyttur.

„Þetta er dásamleg blanda. Uppi-staðan er konur á öllum aldri, í hópunum eru þrjár ungar leikkonur sem eru nýútskrifaðar úr Listaháskólanum og koma þarna inn með látum. Það er góður samhljómur í hópunum og gaman að sjá eldri og reyndari leikara í bland við yngri leikara, og stemmingin hefur orðið nán og falleg," segir Ragnar.

gudrunjona@frettabladid.is



20% afsláttur af
regnkápum um helgina.
Bara svona til öryggis.

Bakpankar

Hildar
Björnsdóttur



Smáþjóðin með ljónshjartað

Í barnæsku ferðaðist fjölskyldan gjarnan til útlanda. Reglulega spurðist heimafolk fyrir um bakgrunninn. Ég gleymi tilfinningunni aldrei. Aðspurð um þjóðerni fylltist ég ávallt stolti. Þannig var sjálfmynd Íslendinga – við vorum best í heimi.

Síðustu ár hefur eitthvað breyst. Viðstöðulaust harmakvein neikvæðni og bölsýni virðist einkenna flesta umræðu. Mörgum þykir Ísland hreint ómögulegt. Þjóðernisstoltið á undanhaldi. Sjálfmynd þjóðar brotin.

Það eru forréttindi að vera Íslendingur. Gleymum því ekki. Landið býr yfir ótrúlegri ósnortinni náttúrufergurð – stórbrotnu landslagi og stórhuga þjóð. Við erum rík af auðlindum. Aðgangur að hreinu vatni er ótakmarkaður. Heilbrigðisþjónusta og menntun þykja sjálfsgöð. Tækifærin nokkuð jöfn. Réttlætiskennin rík.

Ísland stendur framarlega á flestum sviðum sem raunverulegu máli skipta. Landið hefur ítrekað verið útnefnt það fríðsælsta í heimi. Endurteknar niðurstöður alþjóðlegra kannana segja stöðu kvenna hvergi betri en hérlendis. Íslendingar eiga fyrsta kvenkyns þjóðkjörna forseta heims. Í alþjóðlegum samanburði ríkir hér takmörkuð stéttaskipting og hvergi í heiminum þykir staða samkynhneigðra betri.

Ísland er fámennasta þjóð sem komist hefur á lokakeppni EM í knattspyrnu karla. Ævintýralegt afrek frá öllum sjónarhornum. Upphaf þeirrar vegferðar fyllti hvert íslensk hjarta spennu og stolti. Við erum stórhuga eldhugar. Enginn sakar okkur um smálegt hugarfær.

Gleymum ekki hver við erum. Gleymum ekki hvaðan við komum og hvers vegna það fyllir okkur stolti. Við erum einangruð en samt svo umfangsmikil. Fámenn en samt svo fjölfær. Lítil en samt svo stór. Við erum Íslendingar. Smáþjóðin með ljónshjartað.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

Endalaust 365



GSM
2.990 KR.*

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS
OG ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN

*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til
útlanda og í upplýsingatímum. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is

Charlotte Julien
Dream your world™

HEILSURÚM


STILLANLEGIR DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

TEMPUR

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukkan
- Vekjaraklukkan
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEGT RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum,
2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Tilboð 442.350 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótór þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færir ekki í sundur



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra
BAK